

**ÍSGERÐUR ELFA GUNNARSDÓTTIR**

*Kaupir stundum gjafir handa sjálfri sér*

tíska heimili páskar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**MAGNÚS ÞÓR JÓNSSON**

*Ný plata í vinnslu*

Fylgdist með afhendingu tónlistarverðlaunanna á netinu.

FÓLK 38


Sími: 552-1900 长城饭店 Vesturgata 6-8

Veitingahúsið Kínamúrinn

Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð

Opið um páskana. Bjóðum kínverskar smákökur með öllum kvöldmat

Allar nánari upplýsingar á Greatwall.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. mars 2008 — 79. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Kristur gaf lífi manna nýja merkingu**

Kristinn Ólason Skálholtsrektor heldur erindi um trúmál á Akureyri.

TÍMAMÓT 20

**Uppgangur í Asíu**

„Asíulöndin hafa af eigin rammleik náð miklum árangri síðan 1960," skrifar Þorvaldur Gylfason, sem stiklar á stóru.

Í DAG 16



**Góður gestur?**

Skiptar skoðanir eru um komu James Blunt til Íslands.

FÓLK 28



**Grindavík á lífi**

Grindavík á enn möguleika á að komast í úrslit Iceland Express-deildar kvenna þar sem Keflavík bíður.

ÍÞRÓTTIR 32

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SLÆMT FERÐAVEÐUR** Í byrjun ferðahelgarinnar, sem páskahelgin er oft, er ferðaveður slæmt, snjókoma, skafrenningur og rok verður víða um land og má búast við umferðartöfum af þeim völdum. Á morgun verður mun betra veður.

VEÐUR 4

# Holskefla hækkana skollin á þjóðinni

**Matvara, bílar og tölvuleikir eru meðal þess sem þegar hefur hækkað í verði vegna gengislækkunar krónunnar síðustu daga. Ástandið er alvarlegra en fólk gerir sér grein fyrir og meiri hækkanir eru framundan, segir forstjóri Haga.**

**VIÐSKIPTI** „Ég held að ástandið sé miklu alvarlegra en fólk gerir sér grein fyrir, og átta, níu prósenta verðbólga held ég að sé óskhyggja miðað við stöðuna eins og hún er," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Hann segir þegar búið að hækka matvöruverð, bæði á innlendri og erlendri vöru. Hann segist því miður eiga von á miklum hækkunum til viðbótar á næstunni.

Nýir bílar eru einnig á meðal þess sem hefur hækkað í verði undanfarna daga. Að sögn Andrésar Jónssonar, kynningarstjóra markaðsdeildar B&L, hefur verðið nú þegar verið hækkað um fimm til sjö prósent. „Og við gerum ráð fyrir að hækka aftur eftir páska ef ekkert breytist," segir hann. Dæmi eru um að kaupverð bíla hafi hækkað á meðan þeir voru á leið til landsins. Andrés segir að þó muni notaðir bílar einnig hækka í verði við breytingarnar og fólk muni því ekki finna eins mikið fyrir hækkunum.

Önnur bílaumboð gera einnig ráð fyrir að hækka verð eftir helgina. „Við höfum verið að ræða verðhækkanir hjá okkur og munum setja endanlega ákvörðun um verðhækkun inn í kerfið hjá okkur um helgina," segir Kristinn Gústaf Bjarnason, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Toyota. Hann vill ekki nefna neina tölu, en segir augljóst að til hækkana komi.

Þá hafa tölvuleikir hækkað talsvert í verði á síðustu dögum. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins eru tölvuleikir í BT að meðaltali þrettán prósentum dýrari nú en í byrjun mánaðar.

- þeb / sjá einnig síður 4 og 11



**SIRKUS RIFINN** Byrjað er að rífa litskrúðuga húsið við Klapparstíg sem áður hýsti hinn sívinsæla Sirkus. Allt kapp er þó lagt á það að bjarga sem mestu af innanstokksmunum þessa sögufræga skemmtistaðar. - Sjá síðu 38 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Geimráð lýðræðislega kjörinna fulltrúa sett á fót í sýndarheiminum EVE Online:

# Fleiri kjósa í EVE en til Alþingis

**TÆKNI** Geimráð lýðræðislega kjörinna fulltrúa hefur verið sett á laggirnar í íslenska sýndarheiminum EVE Online. Spilarar geta þannig verið í beinu sambandi við hönnuði leiksins og haft áhrif á framtíð hans. EVE er fyrsti sýndarheimurinn með lýðræðislegt fyrirkomulag af þessu tagi.

Á kjörskrá eru allir spilarar EVE, um 230 þúsund manns. Til samanburðar voru rúmlega 221 þúsund Íslendingar á kjörskrá í síðustu alþingiskosningum.

„Það er erfitt að skilgreina nákvæmlega hvaða vald þetta ráð mun hafa, en ef spilarar eru búnir að kjósa sér fulltrúa og þeir koma með góðar hugmyndir þá værum við óttalegir kjánar að hlusta ekki á þá," segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, sem framleiðir leikinn. „Þetta fyrirkomulag er vissulega enn þá í mótun, en eftir því sem það þróast held ég að ráðið muni hafa heilmikið að segja um framtíð leiksins."



**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON**

Geimráðið samanstendur af níu fulltrúum spilara og fimm varafulltrúum. Þeir sitja í sex mánuði í senn og verða kjörnir í kosningum sem fara fram 5. til 19. maí. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út á kjördag.

- sþs



**GLÍMUDROTTNINGAR** Þær Svana Hrönn og Sólveig Rós Jóhannsdætur glíma fyrir Glímufélag Dalamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Lítill styrkur til Dalamanna:

## Til Blönduóss fyrir peningana

**ÍÞRÓTTIR** Úthlutað var í fyrsta skipti úr ferðasjóði íþróttafélaga á þriðjudaginn. Þrjátíu milljónum var úthlutað í fyrstu umferð en sú upphæð hækkar um helming árið eftir.

Ungmenna- og íþróttasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga fékk lægsta styrkinn að þessu sinni eða 7.613 krónur. Styrkurinn verður notaður í rekstur Glímufélags Dalamanna en með félaginu keppir meðal annars glímudrottning Íslands, Svana Hrönn Jóhannsdóttir.

Formaður glímufélagsins segir að styrkurinn dugi líklega fyrir bensíni frá Búðardal til Blönduóss eða í kringum 120 kílómetra.

- hbg / sjá síðu 30

Hárlaus íslensk vöðvatröll:

## Auglýsa kóreska loftkælingu

**FÓLK** Kóreska fyrirtækið Samsung notaði þrjátíu íslensk vöðvabúnt til að auglýsa nýjustu afurð sína, loftkælingu. Auglýsingin fer í loftið í Kóreu hinn 4. apríl og skartar einni skærustu poppstjörnu kóresku þjóðarinnar í aðalhlutverki. Filmus hafði veg og vanda af tökunum og fóru þær fram í nágrenni við Vatnajökul. „Þetta var kóresk nákvæmni af bestu gerð; allir í beinni línu og hreyfingarnar þaulæfðar," segir Hlynur Áskelsson, sem tók þátt í auglýsingunni.

- fgg / sjá síðu 38


„...fyrst á visir.is"

visir.is ...ég sá það á visir.is








## SPURNING DAGSINS



*Bergur, er nokkur hætta á að þið í Landvernd kærið ykkur bara kollótt?*

„Nei, það er allavega ekkert kæruleysi hjá okkur!“

Landvernd hefur nýverið kært ákvörðun Skipulagsstofnunar um að láta ekki meta samanlögð umhverfisáhrif álvers á Bakka. Áður hafði Landvernd lagt fram svipaða kæru vegna Helguvíkur. Bergur Sigurðsson er framkvæmdastjóri Landverndar.

Gengi krónunnar og hlutabréfa lækkaði hratt fram eftir degi í gær:

# Hrinu lækkana var snúið við

**EFNAHAGSMÁL** Gengi krónunnar og úrvalsvísitalan tóku skarpan kipp upp á við síðdegis í gær eftir samfellda lækkunarhrinu frá opnun markaða. Um þrjúleytið hafði gengi krónunnar fallið um 5,5 prósent og hlutabréf í úrvalsvísitölunni um ríflega sex prósent. Exista og FL Group höfðu þá lækkað um tíma nálægt 12 prósent.

Gengið styrktist snöggleg a eftir klukkan þrjú á meðan hlutabréf stærstu félaganna hækkuðu. Viðmælandi Fréttablaðsins dró þá ályktun að það hefði verið tekin meðvituð ákvörðun aðila á markaðnum um að snúa þróuninni við. Það hafði þó ekki meiri áhrif en þau að við lok markaða hafði úrvalsvísitalan lækkað um tvö prósent og gengi krónunnar um eitt prósent.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**SKIPTI YFIRTEKIÐ AF EXISTA** Exista lækkaði mikið framan af degi í Kauphöllinni í gær en rétti úr kútnum fyrir lokun.

Greiningardeild Kaupþings segir í hálffimm fréttum að helstu skýringar á veikingu krónunnar séu slæm framvinda á alþjóðamörkuðum og það að möguleikar fjárfesta á að nýta sér vaxtamun við útlönd hafi minnkað verulega undanfarið.

Ekki fékkst uppgefið hjá Fjármálaeftirlitinu hvort mikið væri um veðköll, það er að skuldugir fjárfestar þurfi að selja hlutabréf til að greiða niður skuldir. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa fjárfestar þurft að selja hlutabréf til að greiða lán, sérstaklega í erlendri mynt. Vegna lækkunar hlutabréfa og krónunnar hafa veð rýrnað í verði. **- bg**

Yfirlýsing reitir Serba til reiði:

# Grannar viðurkenna Kosovo

**SOFIA, AP Króatar og Ungverjar viðurkenndu í gær sjálfstæði Kosovo. Serbar, nágrannaþjóð landanna tveggja, gagnrýndu ákvörðunina harkalega.**

**Þjóðirnar tvær, auk Búlgaríu, sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu í gær. Í henni sagði að Búlgarar myndu viðurkenna sjálfstæðið í dag.**

**Vuk Jeremic, utanríkisráðherra Serbíu, brást illa við tíðindunum í gær. „Hvert það land sem ákveður að viðurkenna hið ólögmæta ríki Kosovo brýtur alþjóðalög,“ sagði hann. Ríki sem það geri geti ekki treyst á góð samskipti við Serba. - sh**

Rektor Háskóla Íslands:

# Fer ítarlega yfir Hannesarmálið

**MENNTUN** Rektor Háskólans, Kristín Ingólfsdóttir, fer enn yfir mál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors og vill gera það vandlega. Niðurstöðu sé ekki að vænta fyrr en eftir páska og fyrr tjái hún sig ekki frekar.



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

Hannes var fyrir viku síðan dæmdur í Hæstarétti fyrir vinnubrögð andstæð siðareglum skólans. Háskólayfirvöld hafa og verið gagnrýnd fyrir að taka ekki á málinu í þau fimm ár sem það hefur verið til umræðu.

Formaður siðanefndar skólans hefur vísað á rektor. Sjálf taki nefndin málið ekki upp að nýju.

Hannes er í rannsóknarleyfi til hausts og næst ekki í hann. **- kóþ**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur við Sauðárkrók

Lögreglan á Sauðárkróki tók fjóra ökumenn fyrir hraðakstur í umdæmi sínu í gær. Voru flestir ökumannanna á um 110 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 90.

Útgáfa Fréttablaðsins:

# Kemur næst út á laugardag

**Fréttablaðið kemur næst út á laugardag og síðan ekki fyrr en á þriðjudag. Afgreiðsla blaðsins er lokuð þangað til á þriðjudag. Þjónustuver er opið frá átta til 22.00 alla daga nema páskadag, þegar það lokar klukkan 18.00.**

# Stálust í sjúkraskrá þjóðþekkts manns

**Um tugur starfsmanna Landspítalans hefur orðið uppvís að því að hafa skoðað sjúkraskýrslu þekkts manns sem þar hafði leitað lækninga. Lækningaforstjóri spítalans segir málið mjög alvarlegt og rannsókn innan spítalans sé í gangi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta mál er litið mjög alvarlegum augum innan Landspítalans,“ segir Björn Zoëga, lækningaforstjóri Landspítalans, en við hefðbundið eftirlit varð uppvíst að um tugur starfsmanna þar hafði skoðað sjúkraskýrslur þekkts manns sem þar hafði leitað lækninga.

Verið er að rannsaka málið innan spítalans og segir Björn að þótt málið sé alvarlegt sé það gleðilegt að því leyti að það sýni að eftirlitskerfi spítalans með því hvort óviðkomandi aðilar séu að skoða sjúkraskrár sé virkt. Hann segir eftirlitið stöðugt en viti ekki til þess að mál svipuð þessu hafi áður komið upp.

Í viðtali við DV, sem fjallað hefur um málið, sagði Niels Christian Nielsen, aðstoðarlækningaforstjóri spítalans, að af og til hafi komið upp að starfsmenn hafi brotið trúnað með því að stelast í upplýsingar sem þeir eigi ekkert með. Hann sagði einnig að fjöldi þeirra sem hefðu stolist í skrár þessa manns væri óvenju mikill og af því hefðu forsvarsmenn spítalans miklar áhyggjur. Björn segir að einhverjir starfsmannanna hafi getað gefið haldbærar skýringar á því að hafa skoðað upplýsingar um sjúklinginn. Niðurstaðna um málið sé að vænta skömmu eftir páska.

„Brotin eru ef til vill ekki þess eðlis að það þurfi að grípa til uppsagna,“ segir Björn og vísar til nýlegra heimsfrétta af starfsmönnum spítala sem sagt var upp eftir að hafa selt upplýsingar um heilsufar poppstjörnunnar Britney Spears.



**STÁLUST Í SJÚKRASKRÁ** Mál um tíu starfsmanna Landspítalans sem urðu uppvísir að því að skoða sjúkraskrá þekkts manns án ástæðu er í rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**BJÖRN ZOËGA**



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON**

„Það leikur ekki grunur á svo alvarlegum hlutum heldur virðist fyrst og fremst hnýsni hafa ráðið því að fólkið fór í þessar skrár,“ segir Björn. Þau viðurlög sem hann segir spítalann hafa í þessu máli eru: „Ávítur, áminning, brottrekstur og kæra til lögreglunnar.“

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir situr í nefnd sem vinnur að gerð nýs lagaákvæðis um nýja sjúkraskrá. Hann segir nauðsynlegt að hart verði tekið á því að fólk fari inn í sjúkraskrár án þess að eiga þangað erindi. „Ég vonast til þess að þetta hafi fælandi áhrif á starfsfólk,“ segir hann og bætir við að sú þagnarskylda sem kveðið er á um í læknalögunum eigi við um heilbrigðisstarfsmenn. Hann segir að í nýjum ákvæðum sem nú er unnið að verði mun meiri aðgangsstýring. Frá Landlæknisembættinu geti fólk fengið áminningu og jafnvel verið svipt starfsleyfi. „Það er þung hegning en brotið er líka alvarlegt,“ segir Matthías. **karen@frettabladid.is**

Banaslys á Hafnarfjarðarvegi:

# Kona lést í umferðarslysi

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega sjötug kona lést í umferðarslysi í Hafnarfirði um klukkan hálftvö í gær.

Konan var ökumaður bifreiðar sem rakst á jeppabifreið á mótum Reykjavíkurvegar og Stakkahrauns. Varð slysið með þeim hætti að önnur bifreiðin ók inn á Reykjavíkurveg og í veg fyrir hina bifreiðina. Sjúkrabíll og tækjabíll frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins komu á staðinn. Var konan flutt á slysadeild en ökumann jeppans sakaði ekki. Hafnarfjarðarvegi var lokað um tíma vegna slyssins. Er þetta þriðja banaslysið í umferðinni það sem af er þessu ári. **- ovd**

Varð að neita Iceland Express:

# Borgin til móts við flugfélögin

**SKIPULAGSMÁL Borgaryfirvöld ætla að koma til móts við flugfélögin sem óskað hafa eftir breytingum á aðstöðu við Reykjavíkurflugvöll.**

**Skipulags- og byggingarsvið borgarinnar sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem það er áréttað að borgin hafi ekki átt neinn annan kost en að synja beiðni Iceland Express um aðstöðu við flugvöllinn, enda sé lóðin sem sótt var um frátekin fyrir Háskólann í Reykjavík. „Í þeirri afgreiðslu fólst því hvorki afstaða né andstaða borgaryfirvalda til samkeppni í flugrekstri,“ segir í tilkynningunni. - sh**

## DÓMSMÁL

### Gekk út í stolnum leðurjakka

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt karlmann í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að ganga út úr verslun í leðurjakka sem hann hafði stolið. Maðurinn sagði öryggisvörðum að hann hefði klæðst jakkanum innan undir flíspeysu á leið inn, en snúið því við inni. Sagan var ekki tekin trúanleg.




Lögreglurannsóknin á meintri kynferðislegri misnotkun ökukennara á lokastigi:

# Með drengina í bíl á afviknum stöðum eða á heimili

**LÖGREGLUMÁL** Meint kynferðisleg misnotkun ökukennara á sex drengjum eru sögð hafa ýmist farið fram á heimili eða í bíl ökukennarans á fáförnum stöðum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Eins og greint hefur verið frá kærðu drengirnir sex, sem voru á aldrinum fjórtán til sautján ára þegar meint misnotkun átti sér stað, ökukennara í Reykjavík fyrir athæfið. Umræddur ökukennari er ekki að störfum lengur, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur rannsakað málið undanfarna mánuði og er sú rannsókn á lokasprettinum. Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn hefur staðfest að málið fari innan tíðar til embættis ríkissaksóknara.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru eldri drengirnir að læra á bíl hjá manninum en hinir yngri voru að læra á skellinöðru. Hið meinta athæfi mannsins gagnvart drengjunum stóð yfir um nokkurt skeið. Það var ekki fyrr en einn drengurinn steig fram og greindi frá meintri misnotkun að málið varð uppvíst og fleiri komu á eftir. Grunur leikur á að maðurinn hafi brotið gróflega gegn að minnsta kosti sumum drengjanna. **- jss**



**AFVIKNIR STAÐIR** Ökukennarinn er sagður hafa verið með piltana sex annaðhvort í bíl á afviknum stöðum eða á heimili.




# GOTT AÐ VITA

## AF FJÁRMÁLUNUM Í GÓÐU LAGI

Það er góð tilhugsun að hafa fjármálin á hreinu. Nú þegar hafa þúsundir nýtt sér ókeypis fjármálaráðgjöf Glitnis og dæmi eru um viðskiptavini sem sparað hafa tugi þúsunda með því að láta yfirfara og endurskipuleggja fjármálin.

*„Það eitt að setjast niður og fara yfir stöðuna var góð tilfinning.“*

Íris Jónsdóttir

Í FJÁRMÁLARÁÐGJÖF GLITNIS ER M.A. FARIÐ YFIR:

- Fjármál heimilisins
- Samsetningu lána
- Fjármögnun húsnæðis
- Sparnað
- Lífeyrissparnað
- Tryggingar
- Hámörkun Glitnispunkta og annarra fríðinda
- Framtíðarmarkmið í fjármálum

GLITNIR GERIR BETUR

GLITNIR

**Pantaðu ókeypis fjármálaráðgjöf í síma 440 4000 og sjáðu hvað við getum gert betur fyrir þig.**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0330

## GENGIÐ 19.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 77,65 | 78,03 |
| Sterlingspund | 155,36 | 156,12 |
| Evra | 122,17 | 122,85 |
| Dönsk króna | 16,377 | 16,473 |
| Norsk króna | 15,182 | 15,272 |
| Sænsk króna | 12,946 | 13,022 |
| Japanskt jen | 0,7863 | 0,7909 |
| SDR | 127,62 | 128,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,5528

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðstoðaryfirlögregluþjónn segir þörf á löggæslu við sendiráðið hafa aukist:

# Fleiri löggur en jafnaðarmenn

**LÖGGÆSLA** Lögreglumenn fjölmenntu við kínverska sendiráðið í gær þegar þrír ungir jafnaðarmenn báru þangað bréf með spurningum um málefni Tíbets.

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður ungra jafnaðarmanna, segir að minnst fjórir lögreglumenn hafi beðið í stórum bíl á Víðimelnum, þótt lögreglu hafi ekki verið tilkynnt um að til stæði að bera bréfið út.

Enginn tók við bréfinu og sendiráðinu virðist hafa verið lokað í skyndingu, segir Anna. Spurningarnar voru að lokum límdar á dyr sendiráðsins.

Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að þörf fyrir eftirlit lögreglu við sendiráð Kínverja sé talin meiri þessa dagana en alla jafna.

Óeirðir hafa verið í Tíbet og íslenskir mótmælendur hafa meðal annars krafist þess að fjölmiðlum og mannréttindasamtökum verði hleypt inn í Tíbet.

Birgitta Jónsdóttir rithöfundur hélt því fram í Fréttablaðinu í gær að lögreglan keyrði á allt að hálftíma fresti fram hjá kínverska sendiráðinu. Spurður hvort þetta sé rétt segist Árni ekki vilja fara út í smáatriði; þörfin sé metin jafnóðum.

Hann veit ekki af hverju ástæða þótti til að hafa svo mikil afskipti af mótmælendum í fyrradag að þeir voru spurðir að kennitölu. **- kóþ**



**VIÐ KÍNVERSKA SENDIRÁÐIÐ Í GÆR** Fleiri lögreglumenn en jafnaðarmenn mættu á Víðimelinn um klukkan ellefu í gærdag. Starfsmenn sendiráðsins komu ekki til dyra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Framkvæmdastjóri SA:

# Eðlileg viðbrögð bankans

**EFNAHAGSMÁL** „Seðlabankar um allan heim bjóða bönkum upp á möguleika til lántöku. Þetta gildir bæði um Evrópu og Bandaríkin. Mér finnst því mjög eðlilegt að Seðlabanki Íslands geri eitthvað svipað,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri lét þau orð falla nýlega að í Seðlabankanum hafi verið hugað að því að bankarnir fái rýmri kjör hjá Seðlabankanum. „Mér finnst það eðlileg viðbrögð að Seðlabanki Íslands gangi svipaða leið og seðlabankar almennt,“ segir Vilhjálmur. **- ghs/odv**



**KRISTINN H. GUNNARSSON** Dagskrárgerðarmaðurinn Kristinn H. fer mýkri höndum um viðmælendur sína en þegar hann er í hlutverki þingmannsins.

Sjónvarpsstöðin ÍNN:

# Þingmenn með sjónvarpsþætti

**FJÖLMIÐLAR Fjórir þingmenn gegna nú einnig starfi sem dagskrárgerðarmenn í sjónvarpi en þeir eru allir á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þetta eru þeir Kristinn H. Gunnarsson Frjálslynda flokknum, framsóknarmaðurinn Jón Birkir Jónsson, Katrín Jakobsdóttir Vinstri grænum og Illugi Gunnarsson úr Sjálfstæðisflokki.**

**„Ég hef fengið til mín marga góða gesti eins og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra,“ segir Kristinn sem er með þátt hálfsmánaðarlega. „Ég tek menn svo sem ekkert á beinið en ég spyr þó vel úr,“ bætir hann við og viðurkennir að hann taki sjávarútvegsráðherra öðrum tökum í þingsal.** **- jse**

## LEIÐRÉTTING

Vegna þess að ekki er búið skrá hlutafjáraukningu FL Group frá því í desember á síðasta ári í Kauphöll Íslands var markaðsverð félagsins ekki rétt í úttekt Markaðarins í gær. Rétt markaðsverð FL Group í fyrradag var 90,3 milljarðar króna en ekki 66 milljarðar króna eins og kom fram. Þá skal áréttað að heildareignir FL Group voru um áramótin 422 milljarðar eins og kom fram í töflu.

## GENGI KRÓNU GAGNVART BRESKU PUNDI




# Þriðja hrun krónunnar á sjö árum

**Fall krónunnar gæti verið bragðvont meðal séu aðstæður réttar. Fallið var hraðara og harðara en sérfræðingar reiknuðu með. Eftir niðursveiflu árið 2001 tók það um eitt ár fyrir krónuna að ná jafnvægi á ný.**

**EFNAHAGSMÁL** Skörp veiking krónunnar nú er sú þriðja síðan fljótandi gengi var tekið upp í mars 2001. Ef efnahagsástandið er hagstætt má líkja gengislækkuninni við bragðvont meðal, segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

„Við erum í raun að fara í þriðja skipti í gegnum það sama, þótt það sé misjafnt hvað kemur þessu af stað,“ segir Edda Rós.

„Núna seig krónan hægt og rólega í upphafi, og við áttum von á því að við myndum komast í gegnum þetta án þess að taka svona mikla dýfu vegna mikils vaxtamunar. En niðurstaðan er sú að þetta er hraðara og meira fall en við gerðum ráð fyrir,“ segir Edda Rós.

Áhrif af veikingu gengisins geta verið afar misjöfn eftir því hvernig hagkerfið stendur, en Edda Rós segir ekki fyllilega ljóst hver staðan sé hér á landi í dag. Vísbendingar séu um kólnun sem ekki hafi fengist staðfestar með hagtölum.

„Ef krónan fellur við slíkar aðstæður getur veikingin hjálpað okkur við aðlögunina. Það var reynslan árið 2001 og vonandi núna líka, að krónan hefur séð um aðlögunina,“ segir Edda Rós.

„Þetta er bragðvont meðal ef aðstæður eru réttar, en uppáhelling ef enn er svo mikil þensla í kerfinu að þetta fari beint út í verðlag, laun og verðbólguvæntingar almennings,“ segir hún.

Ástæður þess að krónan fellur skipta ekki endilega öllu máli þegar reynt er að meta hversu langur tími muni líða þar til gengið verður stöðugt.

Árið 2001 fór gengi krónu gagnvart breska pundinu yfir 140 krónurnar í maí 2001, og fór ekki undir þær aftur fyrr en í apríl 2002. Hæst fór gengið í 156,6 í nóvember 2001. Í gær komst það í 160 krónur.

„Ef raungengi krónunnar fer langt yfir sögulegt meðaltal veit maður í hjarta sínu að það þarf að eiga sér stað leiðrétting. Þá er spurningin hvernig sú leiðrétting verður. Maður hefði haldið að við værum komin á það stig að sú leiðrétting kæmi hægt og sígandi, en þetta hefur þvert á móti gerst með látum,“ segir Edda Rós.

**brjann@frettabladid.is**

Sameining Kýpur rædd:

# Áfall ef samstaða næst ekki

**KÝPUR, AP** Það væri gríðarmikið áfall fyrir Kýpur ef friðarviðræður Kýpur-Tyrkja og Kýpur-Grikkja mislukkuðust. Þetta segir Dimitris Christofias Kýpurforseti, sem fundar á morgun með Mehmet Ali Talat, leiðtoga Kýpur-Tyrkja. Með fundinum hefst ný lota viðræðna um endursameiningu eyjunnar.

„Okkur verður að takast ætlunarverkið í þetta sinn,“ sagði Christofias í gær. „Önnur misheppnuð tilraun yrði gríðarlegt áfall fyrir framtíð okkar, Kýpur-Grikkja og Kýpur-Tyrkja.“

Eyjan hefur verið klofin síðan árið 1974. **- sh**



**Á VAKT** Friðargæsluliðar tala við heimamann á götu í Mitrovica í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reynt að hemja reiða Serba:

# SÞ-lögregla aftur til Mitrovica

**KOSOVO, AP Löggæslumenn á vegum Sameinuðu þjóðanna sneru aftur til bæjarins Mitrovica nyrst í Kosovo í gær. Úkraínskur lögreglumaður lést af sárum sínum í bænum á þriðjudag eftir átök við vopnaða serbneska mótmælendur.**

**Alls munu um 40 löggæslumenn frá Sameinuðu þjóðunum standa vaktina í Mitrovica, ásamt 80 lögreglumönnum úr bænum.**

**Átökin í Mitrovica eru þau hörðustu síðan Kosovo-Albanar lýstu yfir sjálfstæði héraðsins fyrir mánuði.** **- sh**

LÚXUS Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

LAND ROVER FREELANDER diesel
Nýskr: 04/2007, 2200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 12.000.
Verð: 5.500.000

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónsdóttir
Veðurfræðingur

**ROK OG RIGNING**
Það verður ekki gott ferðaveður í dag. Snjókoma og hvassviðri víða um landið veldur vondu skyggni og slæmri færð og má búast við umferðatöfum víða á þjóðvegum landsins. Veðrið gengur niður í kvöld og nótt.







**Á MORGUN**
Róleg norðanátt víða 5-8 m/s.




**LAUGARDAGUR**
Hæg SV-átt um allt land.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Billund | 5° |
| Ósló | 1° |
| Stokkhólmur | -1° |
| Gautaborg | 1° |
| London | 9° |
| París | 7° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Berlín | 8° |
| Alicante | 19° |
| Mallorca | 22° |
| Basel | 9° |
| Eindhoven | 21° |
| Las Palmas | 10° |
| New York | 30° |
| Orlando | 16° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



ENNEMM / SÍA / NM32735

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að fara í ferðalag um páskana?*

| | |
|---|---|
| Já | 20,9% |
| Nei | 79,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnur þú fyrir hækkandi verðlagi á vörum og þjónustu?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Ráðuneyti segir bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks hafa verið vanhæfan við ráðningu:

# Sagður áfellisdómur yfir fulltrúanum

**KÓPAVOGUR** Samgönguráðuneytið hefur úrskurðað að fyrrverandi formaður Íþrótta- og tómstundaráðs Kópavogs hafi verið vanhæfur til að fjalla um ráðningu í stöðu verkefnisstjóra. Úrskurðurinn gengur þvert á álit bæjarlögmanns, sem taldi fulltrúann hæfan.

„Þetta er áfellisdómur yfir kjörnum fulltrúa,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi og annar bæjarfulltrúa flokksins sem kærði málið til ráðuneytisins. Hún segir meirihlutann í bæjarstjórn verða að endurskoða vinnubrögðin í kjölfar úrskurðarins.



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR



GUNNSTEINN SIGURÐSSON

Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, varð ekki við kröfu Samfylkingarinnar um að víkja sæti við ráðninguna. Sú sem ráðin var í starfið hafði verið undirmaður hans árum saman, og hann var einn tilgreindra meðmælenda hennar.

Þrátt fyrir vanhæfi Gunnsteins við afgreiðslu málsins stendur ráðningin. Samgönguráðuneytið telur ekki hafa verið sýnt fram á að ógilda eigi ráðninguna. Guðríður segir ekki hafa verið lagða áherslu á það, enda þyrfti þá að sýna með óyggjandi hætti að annar hefði verið ráðinn í stöðuna hefði Gunnsteinn vikið sæti.

Gunnsteinn hafði ekki séð úrskurðinn þegar Fréttablaðið náði tali af honum, og vildi því sem minnst tjá sig. Hann benti þó á að bæjarlögmaður hafi komist að þveröfugri niðurstöðu, málið virðist því snúast um túlkun á lagagreinum. **- bj**

Skipulagsstofnun ákvarðar:

# Verksmiðja ekki í umhverfismat

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun hefur ákvarðað að aflþynnuverksmiðja á Krossanesi á Akureyri skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Segir að verksmiðjan muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og að áhrif á náttúrufar verði óveruleg. Hún muni enda rísa á svæði þar sem hafi verið iðnaður til margra ára. Stofnunin minnir á að framkvæmdirnar séu háðar byggingarleyfi Akureyrarbæjar og brýnt sé við leyfisveitingu að huga að þeim hættulegu efnum sem verksmiðjan muni nota.

Ákvörðunina má kæra til ráðherra fram til 21. apríl. **- kóþ**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Umferðaróhöpp í Reykjavík

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningar um 56 umferðaróhöpp um síðustu helgi. Mátti rekja eitt þeirra til ölvunaraksturs. Voru flest óhöppin minni háttar en í nokkrum tilvikum þurfti þó að flytja fólk á slysadeild. Í sjö tilfellum stungu ökumenn af vettvangi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Akureyri stöðvaði ökumann bifreiðar á 122 kílómetra hraða í Öxnadal í gærmorgun. Vaknaði grunur um að hann væri undir áhrifum fíkniefna og fannst amfetamín á einum farþega í bílnum. Voru ökumaður og farþegar fluttir á lögreglustöð til skýrslutöku. Ökumaðurinn var sviptur ökuréttindum og telst málið upplýst.

# Kínverjarnir komu með falsaða pappíra

**Formaður Matvís segist vita að Kínverjarnir sem störfuðu á veitingastaðnum The Great Wall við Vesturgötu hafi borgað fyrir að fá að koma hingað. Í ljós hafi komið að sumir pappírarnir hafi verið „keyptir úti í búð í Kína“.**

**VINNUMARKAÐUR** Níels S. Olgeirsson, formaður Matvís, segir að kínversku matreiðslumennirnir fimm, sem hafi komið til Íslands til starfa á The Great Wall við Vesturgötu, hafi fengið jákvæða umsögn frá Matvís þar sem allir pappírar hafi virst í lagi eftir skoðun menntamálaráðuneytisins. Síðar hafi komið í ljós að sumir pappírarnir hafi verið „keyptir úti í búð í Kína“.

Matvís fékk ábendingu um meint brot á kjarasamningum í haust, heimsótti veitingastaðinn og ræddi við starfsmenn og stjórnendur. Níels segir að starfsmennirnir hafi verið hræddir en þó hafi tveir leitað til Matvís. Félagið hafi fundið þeim vinnu og húsnæði í haust og samið við vinnuveitendurna um að greiða þeim 50-100 þúsund krónur á mánuði á mann. Farið verði aftur yfir mál þeirra í apríl.

Níels kveðst nokkuð viss um að þeir sem eftir eru hafi ekki fengið greitt þótt þeir segist hafa fengið launin sín. Þá óttast hann að jafnvel þótt fólkið fái greitt þá haldi peningarnir áfram í hringrás og endi hjá lánardrottni í Kína.

Níels segir að borist hafi ábending um að fólkið hafi greitt fyrir að koma til Íslands og að laun þess færu aftur til vinnuveitenda eða milligöngumanna. Það sé alvarlegt mál.

„Við vitum að þetta er svona en erum ekki í stakk búnir til að fara í frekari rannsóknir enda ekki í okkar verkahring. Við höfum upplýst viðeigandi aðila og þeir fara í málið ef þeir hafa fjármagn til þess,“ segir hann og gagnrýnir yfirvöld. Þau hafi oft ekki bolmagn í eftirlit auk þess sem samræmingu vanti milli embætta.

Yngvi Helgason, framkvæmdastjóri The Great Wall, vísar ábyrgðinni á fyrri eigendur. Hann hafi túlkað fyrir þá þar sem enginn á staðnum hafi talað íslensku. Hann gunnað að ekki væri allt með felldu í rekstrinum og ráðlagt móður sinni frá því að kaupa í fyrirtækinu. Fréttaflutningur um meint mansal komi honum samt á óvart. Móðir Yngva á nú 45 prósenta hlut í fyrirtækinu.

Yngvi segir að fyrrverandi eigendur The Great Wall séu farnir til Kína og kínverskur meðeigandi móður hans í tveggja vikna leyfi til Evrópu.

Lögreglan er með málið í rannsókn. **ghs@frettabladid.is**




**THE GREAT WALL** Níels S. Olgeirsson, formaður Matvís, óttast að launin sem vinnuveitendur Kínverjanna á The Great Wall við Vesturgötu borgi þeim fari í hringrás og endi að mestu leyti hjá milligöngumönnum eða atvinnumiðlara í Kína. Hann telur að sumir pappírarnir sem Kínverjarnir höfðu séu keyptir út úr búð í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HJÁLPAÐI MEÐ ÍSLENSKUNA** Yngvi Helgason hjálpaði fyrrverandi eigendum The Great Wall með íslenskuna. Hann segir að sér hafi ekkert litist á reksturinn og ráðlagt móður sinni gegn því að fara inn í fyrirtækið.









Íslensk málnefnd og Stofnun Árna Magnússonar andvíg nýju heiti fyrir ráðherra:

# Tilefnislaus afskipti af tungumálinu

**ALÞINGI** Þingsályktunartillaga Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, Samfylkingunni, um að tekið verði upp nýtt starfsheiti fyrir ráðherra, fellur í grýttan jarðveg hjá Íslenskri málnefnd og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í umsögn Stofnunar Árna Magnússonar segir að ekki verði séð að notkun orðsins ráðherra hafi leitt til neins konar mismununar eða hótfyndni, sem niðurlægjandi væri fyrir konur. Hugmyndir sem komið hafi fram um nýtt heiti hafi fremur verið til þess fallnar að vekja kátínu og aulafyndni en hafa einhver áhrif í jafnréttisátt. „Meginatriðið er að hér virðist um að ræða tilefnislaus afskipti af tungumálinu,“ segir í umsögninni.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Jafnréttisstofa styður tillögu hennar en Íslensk málnefnd og Stofnun Árna Magnússonar ekki.

Íslensk málnefnd segir kynbundna merkingu orðsins herra hverfa þegar það verður að viðlið í samsettum orðum auk þess sem mörg dæmi séu um að merking orðs breytist þegar það verður að viðlið. Nefndin er þeirrar skoðunar að bæði kynin geti borið starfsheitið ráðherra.

Jafnréttisstofa telur hins vegar breytingu á starfsheiti ráðherra í samræmi við markmið jafnréttislaga. „Með starfsheiti sem bæði kynin geta borið, og sem ekki hefur á sér þann karllæga, valdbjóðandi blæ, sem heitið ráðherra hefur, er tekið tillit til þeirrar sjálfsögðu og eðlilegu þróunar að stafsheiti séu ekki eingöngu heppileg fyrir annað kynið,“ segir í umsögn ráðsins. **- bþs**




# AFGREIÐSLUTÍMI

| | |
|---|---|
| Skírdagur | 10 - 20 |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur | 10 - 20 |
| Páskadagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | 12 - 20 |

LOKAÐ Í KRINGLUNNI




**Páskalamb** marinerað í ólífulíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.



**Kalkúnaskip** smjörsprautað
- spennandi um páskana




**Andabringur**
- frá Frakklandi




**Lambahryggur**
- ný slátrað

## ferskt með flugi



Bláber



Rifsber



Kiwiber



Blæjuber



Hindber



Brómber




**Coke og Coke light**
- í gleri 6 pk.




**Jói Fel brauðrúllur**
- tilbúnar beint í ofninn




**Páskaöl**
- þetta eina sanna!

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

AÐALFUNDUR

**Aðalfundur Byrs verður haldinn miðvikudaginn 9. apríl kl. 16.00 á Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir á fundarstað og hefst afhending þeirra kl. 14.30.
*Stjórn Byrs.*

BYR SPARISJÓÐUR



Í HÖLLU FORSETA Hamid Karzai tjáði Ingibjörgu Sólrúnu að Ísland ætti það m.a. sameiginlegt með Afganistan að hafa sigrað Breta þrisvar sinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN

# Ræddu konur og skógrækt

**Forseti Afganistans óskar eftir því að Íslendingar miðli sérþekkingu í skógrækt til Afganistans. Heimsókn Ingibjargar Sólrúnar til Afganistan lauk í gær.**

**KABÚL, FRÉTTABLAÐIÐ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra lauk ferð sinni til Afganistan með því að ganga á fund Hamid Karzai forseta í gærmorgun. Á fundi þeirra óskaði Karzai sérstaklega eftir því að Íslendingar kæmu með sérþekkingu í skógrækt til Afganistans.

Hann sagði reyndar að Ísland og Afganistan ættu ýmislegt sameiginlegt, meðal annars að vera stór lönd, strjálbýl og fjöllótt og þau hefðu bæði orðið fyrir mikilli skógeyðingu. Það sem hefði eyðilagt skóginn í Afganistan væru þurrkar, stríð og græðgi, en af þessu þrennu væri græðgin sýnu verst.

Loks hló hann og bætti því við að þessi tvö lönd ættu það einnig sameiginlegt að hafa sigrað Breta þrisvar sinnum.

Kvöldið áður en hún hitti Karzai hafði Ingibjörg snætt kvöldverð með hópi afganskra kvenna, sem allar hafa látið að sér kveða við afar erfiðar aðstæður í heimalandi sínu. Í hópnum voru meðal annars nokkrar afganskar þingkonur og eini kvenkyns herforingi landsins.

„Þessar konur hafa allar ótrúlega mikla uppsafnaða reynslu af því að takast á við aðstæður sem í rauninni eru algerlega óviðunandi fyrir konur,“ sagði Ingibjörg, sem fékk að heyra hvernig þær börðust á sínum tíma gegn hernámi Sovétmanna og síðar meir gegn talibanastjórninni. Sumar þurftu að flýja land, en aðrar þraukuðu í gegnum sannkallað helvíti.

„Sumar þeirra sýndu alveg ótrúlegan kjark. Þær ráku í felum skóla fyrir börn á tímum talibananna í og tóku þátt í ótrúlegustu aðgerðum á þessum tíma þar sem þær lögðu bæði sig og sína í mikla hættu.“

Ingibjörg hefur haft þéttskipaða dagskrá þá daga sem hún hefur dvalist í Afganistan.

Snemma á miðvikudagsmorgni flaug hún til Maimana, 100 þúsund manna bæjar í norðvestanverðu Afganistan, þar sem íslenska friðargæslan mun í næsta mánuði hefja nýja starfsemi til viðbótar þeirri starfsemi sem nú þegar er í gangi í höfuðborginni Kabúl.

Ragnheiður Kolsöe verður þar þróunarráðgjafi og segir sitt fyrsta verkefni, þegar hún kemur á staðinn í apríl, verða að fara yfir óskir heimamanna og kanna hvar þörfin er mest og hvar Íslendingar geta helst komið að gagni.

gudsteinn@frettabladid.is

KOMIN Í KILJU

Þúsund bjartar sólir

Eftir höfund
*Flugdrekahlauparans*

„Með *Flugdrekahlauparanum* flysjaði Khaled Hosseini nokkur lög af fjölmiðlamyndinni af Afganistan. Með *Þúsund björtum sólum* sýnir hann okkur alla leið inn í kjarnann.“
*Hrund Ólafsdóttir, Morgunblaðið*

„Þeir lesendur sem gleymdu sér yfir *Flugdrekahlauparanum* ættu ekki að láta þessa ógleymanlegu bók fram hjá sér fara.“
*Booklist*




KASTLJÓSIÐ Bókmenntaverðlaun 2007 Starfsfólk bókaverslana

1. SÆTI
METSÖLULISTI EYMUNDSSON AÐALLISTI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

TVÖFALDIR VILDARPUNKTAR TIL 1. APRÍL

HJÁ VILDARFYRIRTÆKJUM VISA OG ICELANDAIR
Handhafar Vildarkorts VISA og Icelandair safna Vildarpunktum hraðar með því að beina viðskiptum sínum til Vildarfyrirtækja Vildarklúbbsins.
Frá 17. mars til 1. apríl fá þeir tvöfaldan afslátt í formi Vildarpunkta þegar þeir greiða með kortinu sínu.

**Meðal Vildarfyrirtækjanna eru:**
**OLÍS**, um allt land
**ÓB**, um allt land
**SÓLNING**, Smiðjuvegi 32–34
**SÓLNING**, Fitjabraut 12, Njarðvík
**SÓLNING**, Austurvegi 58, Selfossi
**BARÐINN**, Skútuvogi 2

VISA ICELANDAIR Vildarklúbbur
WWW.VILDARKLUBBUR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 41526 03/08

WWW.VILDARKLUBBUR.IS
VISSIR ÞÚ ...
AÐ VILDARKORTSHAFAR VISA OG ICELANDAIR FÁ REGLULEGA SEND GLÆSILEG FERÐATILBOÐ?




## Valið er auðvelt – Tökum við umsóknum núna

**Háskóli Íslands nýtur trausts 90% þjóðarinnar***,
en það er mesta traust sem nokkur stofnun nýtur á Íslandi.

Svo afdráttarlaust traust til öflugasta háskóla Íslendinga er hvatning öllum þeim sem hyggja á háskólanám.

**Umsóknir um nám á haustmisseri 2008**

» Tekið er við umsóknum um grunnnám til 5. júní nk. Sótt er um rafrænt á **www.hi.is**

» Umsóknarfrestur um framhaldsnám er breytilegur milli deilda. Sótt er um á vefsíðum deilda. Sjánar nánar á **www.hi.is**

» Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi á Þjónustuborði Háskólatorgs alla virka daga.

*M.v. niðurstöðu í könnun Gallup.

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 41511 03/08



**DYMBILVIKUSIÐIR** Meðlimur La Borriquita-reglunnar í Cordoba á S-Spáni heldur á barni í hefðbundinni helgigöngu á pálmasunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rétt fimm ár frá því innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í Írak hófst:

# Bush stærir sig af meintum árangri

**BANDARÍKIN, AP** Þegar þess var minnst í gær að rétt fimm ár voru liðin frá því innrás Bandaríkjamanna og bandalanna þeirra í Írak hófst notaði George W. Bush Bandaríkjaforseti það sem tilefni til að slá sér meira á brjóst en hann hefur áður gert yfir meintum árangri sem náðst hefði af herförinni. Á sama tíma handtók lögregla á annan tug manna sem tók þátt í mótmælum gegn Íraksstríðinu í Washington.

Bush fullyrti í ræðu í varnarmálaráðuneytinu að fjölgunin í herliði Bandaríkjamanna í Írak í fyrra hefði markað þáttaskil og leitt af sér „fyrstu víðtæku uppreisn araba gegn Osama bin Laden“.

„Áskorunin fram undan er að treysta í sessi það sem áunnist hefur og innsigla ósigur öfgamannanna,“ sagði Bush. „Við höfum lært af biturri reynslu hvað gerist þegar við drögum herlið okkar til baka of fljótt – hryðjuverkamennirnir og öfgamennirnir koma til skjalanna, fylla tómarúmið, koma upp öruggum höfnum til að athafna sig og breiða út óreiðu og blóðbað.“

Demókratar líta öðru vísi á málið. „Á þessum tímamótum er vert að minnast þess hvernig við lentum í þessum aðstæðum, og hugsa um hvernig við komumst út úr þeim,“ sagði John Dingell, fulltrúadeildarþingmaður demókrata.

Þátttakendur í mótmælunum í Washington tóku dýpra í árinni. „Ég hef fylgst með hryllingi með því hvernig Bush lýgur um þetta stríð,“ hefur AP eftir Craig Etchison, kennara á eftirlaunum, sem barðist í Víetnamstríðinu. „Mig hryllir við þeim fjölda óbreyttra borgara sem við höfum drepið [í Írak], rétt eins og við gerðum í Víetnam.“ - aa



**HANDTEKNIR** Lögregla leiðir mótmælendur á brott sem settust fyrir inngang skattstofu Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Mikilvægt að augnablikshiti dragi ekki úr nauðsynlegri virðingu borgarstjórnar:

# Skynjaði að Óskari sárnuðu ummælin

**STJÓRNMÁL** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur dregið til baka ummæli um Óskar Bergsson, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins. Þau féllu á borgarstjórnarfundi 4. mars og voru á þá leið að borgarstjórn setti niður við nærveru Óskars.

Við upphaf borgarstjórnarfundar á þriðjudag sagðist Ólafur hafa skynjað að Óskari sárnuðu ummælin.

Um ástæður ummælanna á sínum tíma sagði Ólafur að Óskar hefði beint til sín spurningum er vörðuðu aðkomu aðstoðarmanns hans að vinnu við deiliskipulag við Laugaveg.

Í ræðu sinni sagði Ólafur: „Fyrirspurnin kom þeim sem hér stendur algjörlega á óvart, auk þess sem mér þótti henni ómaklega beint að aðila sem ekki gat svarað fyrir sig. Í ljósi þessa urðu orðaskipti mín og borgarfulltrúans nokkuð hvöss og þar féllu orð sem betur hefðu verið látin ósögð. Ég hef síðan skynjað að borgarfulltrúanum hafi sárnað þau ummæli enda fólust í þeim yfirlýsingar sem ég hefði ekki viljað láta falla um persónu annars borgarfulltrúa. Þar sem mér er mikið í mun að samskipti okkar sem hér störfum séu góð, og í anda þeirra hagsmuna sem Reykvíkingar fela okkur með sínu trausti, vil ég leggja mitt af mörkum og draga þau ummæli mín til baka, um leið og ég óska þess að við öll sem hér sitjum látum stjórnmálin og augnablikshita þeirra ekki draga úr þeirri virðingu sem borgarstjórn Reykjavíkur þarf að njóta.“

Óskar Bergsson vildi fátt um málið segja. „Þetta er aðferð Ólafs F. Magnússonar til að gera út um málið og ég hef svo sem ekkert meira um það að segja,“ sagði hann. - bþs



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON



ÓSKAR BERGSSON

> Ég óska þess að við öll sem hér sitjum látum stjórnmálin og augnablikshita þeirra ekki draga úr þeirri virðingu sem borgarstjórn Reykjavíkur þarf að njóta.
>
> ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARSTJÓRI



# Eldsnöggir að hækka verð á tölvuleikjum

**Rússíbanareið krónunnar hefur nú þegar hækkað smásöluverð til neytenda. Þúsund krónum hefur verið smurt ofan á stóran hluta tölvuleikja hjá BT og Elko. Fréttablaðið kannaði verð á tölvuleikjum og bar saman við könnun frá 1. mars.**

**NEYTENDUR** Tölvuleikir hafa hækkað í verði síðan krónan fór á skrið fyrir nokkrum dögum. Í verslunum BT eru þeir nú að meðaltali þrettán prósentum dýrari en 1. mars, samkvæmt verðkönnunum Fréttablaðsins og leikjasíðunnar GameOver.is. Í Elko hafa þeir hækkað um sex prósent að meðaltali.

Verð fimmtán tölvuleikja var kannað í verslunum BT og Elko í Skeifunni um hádegisbil í gær. Fjórtán þeirra voru til í BT og níu í Elko. Þessi verð voru síðan borin saman við niðurstöður verðkönnunar GameOver.is frá 1. mars. Þar var verð á sömu leikjum kannað í sömu verslunum.

Niðurstöðurnar eru þær að tölvuleikjaverð hefur hækkað í nær öllum tilfellum. Hlutfallslega var mesta hækkunin á PC-leikjum í BT, en þeir fóru úr 4.999 krónum í 5.999. Hækkunin nemur tuttugu prósentum.

Þessa þúsund króna hækkun mátti sjá víðar í BT. PlayStation 3-leikir sem kostuðu 6.999 krónur kosta nú 7.999, Wii-leikir fóru úr 6.999 krónum í 7.999 krónur og Xbox 360-leikir hækkuðu einnig úr 6.999 krónum í 7.999.

Í verslunum Elko hafði verðið ekki hækkað jafn mikið en í nokkrum tilvikum hafði þúsund krónum verið bætt við eldra verðið. Til dæmis kostar PC-útgáfan af Call of Duty 4 nú 4.995 krónur í Elko en var áður á 3.995. Hækkunin nemur tuttugu og fimm prósentum.

„Það er búið að liggja fyrir í nokkrar vikur að það þyrfti að hækka verðið,“ segir Rúnar Örn Rafnsson, rekstrarstjóri BT. „Það hafa bæði orðið gengisbreytingar og hækkanir hjá birgjum þannig að það var fátt annað hægt að gera.“ Hann segist ekki eiga von á fleiri verðhækkunum á næstunni.

Örn Barkarson, innkaupafulltrúi afþreyingar hjá Elko, segir verðhækkanir hjá birgjum eina af ástæðunum fyrir verðhækkun hjá sér. „Það má búast við einhverjum fleiri hækkunum vegna gengis, en ég hækka ekki bara til að hækka,“ segir hann. „Við reynum að halda verðinu eins lengi og við getum.“

salvar@frettabladid.is



**TÖLVULEIKIR** Aðeins lítill hluti tölvuleikja var verðmerktur þegar Fréttablaðið kannaði verð í gær. Aðspurður sagði starfsmaður nýja verðmiða vera í prentaranum og yrðu bráðlega settir á hillurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## LEIKJAVERÐ Í ELKO

**Samkvæmt verðkönnunum Fréttablaðsins og GameOver.is**

| Leikur | Verð 1. mars | Verð 19. mars | Hækkun |
|---|---|---|---|
| Call of Duty 4 - PC | 3.995 | 4.995 | 25% |
| Unreal Tournament 3 - PS3 | 4.995 | 5.995 | 20% |
| Burnout Paradise - X360 | 5.995 | 5.995 | 0% |
| NBA 08 - PS2 | 4.495 | 5.495 | 22% |

## LEIKJAVERÐ Í BT

**Samkvæmt verðkönnunum Fréttablaðsins og GameOver.is**

| Leikur | Verð 1. mars | Verð 19. mars | Munur |
|---|---|---|---|
| Call of Duty 4 - PC | 4.999 | 5.999 | 20% |
| Stranglehold - PS3 | 6.499 | 7.999 | 23% |
| Metroid Prime 3 - Wii | 5.990 | 6.999 | 17% |
| Burnout Paradise - X360 | 6.999 | 7.999 | 14% |
| Pro Evolution Soccer 2008 - PS2 | 5.499 | 5.999 | 9% |


norden

**Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2008**

Norðurlandaráð veitir í ár náttúru- og umhverfisverðlaun í fjórtánda sinn. Þau nema 350.000 dönskum krónum og eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem sýnt hefur sérstakt frumkvæði á sviði náttúru- og umhverfisverndar.

**Verðlaunin í ár skulu veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi (t.d. hugvits- eða vísindamanni) fyrir norræna vöru, uppfinningu eða þjónustu, sem hefur átt þátt í að draga úr orkunotkun almennings. Vöruna, uppfinninguna eða þjónustuna, skal vera hægt að nota á öllum Norðurlöndum með umtalsverðum árangri. Um getur verið að ræða kerfisbundna lausn eða sértækan hlut.**

Öllum er heimilt að tilnefna verðlaunahafa á þar til gerðu eyðublaði. Í fylgiskjali með eyðublaðinu skal tilnefningin rökstudd, lýst í hverju frumkvæðið felst og hver hafi staðið fyrir því. Koma skal fram hvernig varan, uppfinningin eða þjónustan, hefur komið að gagni, hver útbreiðsla hennar er og hverjir nota hana. Fylgiskjalið skal vera í mesta lagi tvær blaðsíður í A4-stærð til fjölföldunar fyrir dómnefnd.

Dómnefnd er skipuð fulltrúum Norðurlandanna fimm og sjálfsstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Tilnefningin skal send á eyðublaði sem þarf að berast Danmerkurdeild Norðurlandaráðs í síðasta lagi föstudaginn 25. apríl kl. 12. Eyðublaðið má nálgast á heimasíðu ráðsins, www.norden.org, eða hjá skrifstofu dönsku landsdeildarinnar:

**Nordisk Råd**
Den Danske Delegation — Sími +45 3337 5999
Christiansborg — Fax +45 3337 5964
DK-1240 København K — Netfang: nrpost@ft.dk

Fíton/SÍA



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.564 **-2,02%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.346
**Velta:** 12.983 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIK BANKI** | 3,88% | **FL GROUP** | 6,39% |
| **LANDSBANKINN** | 1,67% | **SPRON** | 6,05% |
| **BAKKAVÖR** | 1,31% | **TEYMI** | 4,93% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,16 -0,28% ... Bakkavör 38,65 +1,31% ... Eimskipafélagið 25,35 -2,12% ... Exista 10,01 -0,89% ... FL Group 6,45 -6,39% ... Glitnir 16,10 -1,53% ... Icelandair 23,80 -2,06% ... Kaupþing 680,00 -4,76% ... Landsbankinn 27,45 +1,67% ... Marel 82,3 -3,4% ... SPRON 4,35 -6,05% ... Straumur-Burðarás 10,75 +0,09% ... Teymi 4,24 -4,93% ... Össur 86,40 -1,37%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Skipti gera stuttan stans í Kauphöllinni

**Skipti, móðurfélag Símans, höfðu verið í um 20 mínútur á markaði þegar yfirtökutilboð barst í félagið frá Existu, stærsta eiganda þess. Gengi bréfa Skipta lækkaði um tæp 10 prósent frá útboðsgengi síðustu viku í fyrstu viðskiptum. Til stendur að taka Skipti sem fyrst af markaði aftur.**



**SKIPTI HF. HRINGD INN Á MARKAÐINN** Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, móðurfélags Símans, hringir markaðsbjöllu Nasdaq OMX kauphallarinnar hér við upphaf viðskipta með bréf félagsins í gærmorgun. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Merkja mátti að eitthvað lá í loftinu og jafnskjótt og fagnað hafði verið fyrstu viðskipum með Skipti hf. og félagið boðið velkomið í Nasdaq OMX kauphöllina í gærmorgun þá hurfu þeir Brynjólfur Bjarnason forstjóri Skipta, Erlendur Hjaltason, forstjóri Existu og Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallarinnar inn í hliðarherbergi og lokuðu að sér. Nokkrum mínútum síðar kom tilkynning í kerfi Kauphallarinnar um stöðvun pörunar með hlutabréf Skipta og Existu og í framhaldi.

Klukkann 11.35, rétt rúmum hálftíma eftir að viðskipti hófust í fyrsta sinn með bréf Skipta á markaði lá fyrir yfirtökutilboð í allt hlutafé félagsins frá Existu, sem fyrir á tæp 43,7 prósent í félaginu. Þá stóð gengi bréfa Skipta í 6 krónum á hlut 9,6 prósentum undir útboðsgengi félagsins í síðustu viku sem var 6,64 krónur. Bréf félagsins fóru lægst 24,2 prósent undir útboðsgengi um hádegisbil, en stóðu í 5,75 krónum á hlut í dagslok, 13,4 prósentum undir útboðsgengi, eftir 25 viðskipti.

Yfirtökutilboð Existu hljóðar hins vegar upp á útboðsgengið 6,64 krónur á hlut og er í allt útistandandi hlutafé. Greiða á fyrir hlutina með nýjum hlutum í Existu sem verðleggja á í samræmi við lokagengi á markaði á þriðjudag, 10,1 krónu á hlut. „Fyrirhugað er að tilboðið standi í átta vikur. Verði gengið að tilboðinu mun Exista leggja til við stjórn Skipta að óskað verði eftir afskráningu félagsins eins fljótt og auðið er,“ segir í tilkynningu Existu.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, segir útboð á bréfum Skipta í liðinni viku hafa leitt í ljós að hlutabréfamarkaður sé ekki reiðubúinn til að taka við nýju félaga í því árferði sem nú ríki, en þátttaka var dræm í útboðinu þar sem selja átti 30 prósent hlutafjár. 200 fjárfestar tóku þátt og um fjórðungur seldist. „Þegar ríkið seldi hlut sinn um mitt ár 2005 var ófyrirséð hvernig fjármálamarkaðir yrðu nú þegar Skipti fara á markað. Kaupendur félagsins hafa staðið við gerða samninga að fullu, þrátt fyrir erfiðasta ástand á hlutabréfamörkuðum í áratugi,“ er eftir honum haft í tilkynningu. Þá kemur fram að til standi að skrá Skipti aftur í Kauphöll síðar þegar aðstæður leyfi. Bent er á í tilkynningu félagsins að Exista sé annað fjölmennasta hlutafélag landsins og hlutabréf félagsins séu í flokki veltumeiri bréfa Kauphallarinnar. „Í gegnum eign sína í Exista mun hluthöfum Skipta gefast kostur á að njóta með óbeinum hætti þess ávinnings sem Skipti kunna að skapa í framtíðinni,“ segir þar.

Verði yfirtökutilboð Existu samþykkt nýtir stjórn Existu heimild í samþykktum félagsins til útgáfu allt að 2.846.026.330 nýrra hluta í félaginu og mun hlutafé félagsins því að hámarki aukast úr 11.361.092.458 hlutum í allt að 14.207.118.788 hluti og eigið fé félagsins mun aukast um allt að 28,7 milljarða króna. Tilboð Existu er háð skilyrði um samþykki samkeppnisyfirvalda.

olikr@frettabladid.is










STURTUKLEFAR

með lausnir í stríðum straumum

Hafðu það vandað

- allt frá uppsprettu inn til þín

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 108 Reykjavík Sími 533-2020 vatnsvirkinn.is



Nú er tækifærið
**Rýmingarsala**
**úlpur og barnaúlpusett**
í Skútuvogi og Grafarholti

aðeins eitt verð
**2.999**

# VORIÐ KALLAR
## í Húsasmiðjunni

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl



**9.995**

**Keðjusög, Texas**
Rafmagn, 2000W, 40 sm blað
5083575



**1.149**
~~1.895~~

**Hekkklippa, Hipoint**
5084667

**Hekkklippur, Texas**
Tvígengismótor, 22,6 CC, 60 sm blað, klippigeta 25 mm.
5083584



**16.995**



## Lerki

Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni í Skandinavíu.

21 x 90 mm **219** kr/m
721600

28 x 95 mm **269** kr/m
728600

**Gasgrill**
Outback Omega 200EX
Grillflötur 50x36 sm, tvískiptur brennari.
Flame tamer hlíf yfir brennurum.
3000235



**13.590**
~~19.990~~



**Gasgrill Weber Spirit E310**
3 ryðfríir brennarar
- Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki.
- Skápur með ryðfríum hurðum.
- Grillflötur: 61 x 44 cm
- Efri grind: 61cm x 12 cm. / + 58 x 8 cm.
- H: 160 cm B: 137 cm D: 76 cm.
- Afhent ósamsett.

3000256

**73.990**



## Gagnvarin fura

Algengasta pallaefni á Íslandi.

21 x 95 mm
621600
**139** kr/m

28 x 95 mm
628600
**199** kr/m

98 x 98 mm
698600
**499** kr/m



**Greinaklippur**
HiPoint.
5084660
**799**
~~1.345~~



**31.200**

**Gasgrill Weber Q200**
- Frábært í ferðalagið eða heima við.
- Grillflötur: 54 x 39 cm
- Ryðfrír brennari 3,51 kW/h—12.000 BTU
- Þrýsti-uppkveikjurofi
- Álbakki fyrir fitu.

3000259



ÍS á 10 kr
í Skútuvogi
OPIN SAMAN Í DAG
Skútuvogur 10-21
Grafarholt 10-19
Keflavík 12-17
Selfoss 12-16
Akureyri 12-17
Egilsstaðir 10-14
Páskaheimur
í Blómavali
2 fyrir 1
Páskaliljur í potti
299 kr
Páskagreinar
599 kr
10 stk.
Páskaliljur
690 kr
Allt
páskaskraut
30%
afsláttur
Grænu fróðleiksmolarnir
hennar Láru
Á þessum tíma má í raun klippa öll tré og alla runna. Þó þarf að vara sig á að þegar tegundir eins og birki og hlynur eru byrjuð að bruma sig skal fara hægt í að klippa mjög stórar greinar.
Sjá nánar á www.bomaval.is
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál
blómaval
heillandi heimur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðbrögð umheimsins við atburðarásinni í Tíbet:

## Staðið í lappirnar

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Orðaval valdhafa í Peking opinberar þann hugsunarhátt sem þar ríður húsum. Dalai Lama sé „úlfur í munksham“ og hann og hans „klíka“ sýni nú sitt rétta andlit með því að standa á bak við ofbeldi og uppþot í Tíbet, í þeim tilgangi að spilla fyrir undirbúningi Ólympíuleikanna í kínversku höfuðborginni og vekja athygli á óraunhæfum pólitískum markmiðum sínum. Nú verði að heyja „þjóðarstríð gegn aðskilnaðarhyggju“ og það „upp á líf og dauða“.

Að kínverskir ráðamenn, þar á meðal hinn annars orðvari forsætisráðherra Wen Jiabao, skuli kinnroðalaust leyfa sér að bera slíkan útúrsnúning á torg og halda því fram að hann réttlæti enn meiri kúgun og hörku gagnvart íbúum Tíbets, er hneyksli. Aðalskýringin á því að fulltrúar kommúnistastjórnarinnar í „Ríki miðjunnar“ skuli telja sig komast upp með þetta er sú, að þeir eru orðnir vanir því að ráðamenn erlendra ríkja stígi varlega til jarðar í samskiptum sínum við hið rísandi efnahagsundur og stórveldi.

*Í þeim mörgu ferðum sem fulltrúar Íslands hafa á síðustu árum farið til Kína hefur óneitanlega lítið farið fyrir því að þeir hefðu orð á mannréttindamálum.*

Þróun fjölmennasta ríkis heims í átt að opnara og frjálsara samfélagi með virkari borgararéttindum er enginn greiði gerður með slíkri óttablandinni og skammtíma-viðskiptahagsmunastýrðri framkomu erlendra ráðamanna við fulltrúa hins miðstýrða kúgunarvalds í Peking, sem hikar ekki við að beita taumlausu valdi gegn vopnlausum mótmælendum og strangri ritskoðun frétta til að bæla niður óánægju með þessa sömu kúgunarstjórnarhætti.

„Sá sem ekki hefur döngun í sér til að standa fast með eigin gildum og sannfæringu, nýtur engrar virðingar í Kína,“ skrifar leiðarahöfundur svissneska blaðsins Neue Zürcher Zeitung um slíka framkomu vestrænna stjórnmálamanna við ráðamenn í Peking.

Þetta mættu fulltrúar íslenzka lýðveldisins líka taka til sín. Í þeim mörgu ferðum sem þeir hafa á síðustu árum farið til Kína hefur óneitanlega lítið farið fyrir því að þeir hefðu orð á mannréttindamálum eða öðrum „óþægilegum“ umræðuefnum.

Það má þó færa rök fyrir því að fulltrúar Íslands, með þann orðstír sem það nýtur á alþjóðavettvangi sem friðelskandi rótgróið lýðræðisríki sem ekki burðast um með neina sögulega byrði á borð við þá sem evrópsku nýlenduveldin fyrrverandi gera, séu þeim mun betur í stakk búnir til að minna ráðamenn þar eystra (sem reyndar skortir lýðræðislegt umboð fyrir valdi sínu) á siðferðilega skyldu þeirra til að virða réttindi eigin borgara.

Lærdómur stjórnmálamanna í okkar heimshluta af atburðarás síðustu daga í Tíbet ætti að vera sá, að þeim beri að standa betur í lappirnar þegar þeir hitta kínverska ráðamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### En finnst honum það ekki?

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur upplýst að hann hefði betur látið ósagt að borgarstjórn Reykjavíkur setti niður við nærveru Óskars Bergssonar borgarfulltrúa Framsóknar. Jafnframt hefur hann dregið ummælin til baka. Ólafur sér hins vegar ekki ástæðu til að biðja Óskar afsökunar á orðum sínum. Fyrir því kann að vera sú ástæða að Ólafur sé í raun réttri þeirrar skoðunar að borgarstjórn setji niður við nærveru Óskars. Eftir á að hyggja finnist honum bara rangt að segja það opinberlega. Á þann veg má allavega skilja „ummælin-dregin-til-baka-ræðu“ hans frá því á þriðjudag.



### Algjörlega á óvart

Upphaf þess að Ólafur sagði á sínum tíma að borgarstjórn setti niður við nærveru Óskars var fyrirspurn borgarfulltrúans um aðkomu aðstoðarmanns borgarstjóra að deiliskipulagsvinnu við Laugaveg. „Fyrirspurnin kom þeim sem hér stendur algjörlega á óvart,“ sagði Ólafur á þriðjudaginn. Þeim, sem ekki vilja eiga á hættu að fá viðlíka einkunn frá borgarstjóranum og Óskar fékk, er því hollast að spyrja hann ekki spurninga sem geta komið honum algjörlega á óvart.



### Engin tök

Helstu rök krónusinna í rökræðunni um hvort við eigum að halda krónunni eða taka upp annan gjaldmiðil hafa verið þessi: Ef við köstum krónunni köstum við þar með öllum tökum á efnahagsstjórninni. Magnús Stefánsson Framsóknarflokki bendir réttilega á það í Fréttablaðinu í gær að þrátt fyrir okkar eigin íslensku krónu séu tökin í darraðardansi efnahagsþrenginga síðustu daga akkúrat engin. Þessi miklu rök eru því orðin tóm. Eftir standa þau rök ein að íslensk þjóð eigi að hafa íslenska krónu alveg eins og íslenska tungu. Á þeim má eflaust tyggja í einhverja áratugi.

bjorn@frettabladid.is

# Brosandi borgir og lönd



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Uppgangurinn í Asíu

New York – borgin, ekki ríkið – er ríflega helmingi ríkari en Bandaríkin í heild. Framleiðsla á mann í New York 2005 nam 65 þúsundum dollara á kaupmáttarkvarða á móti 42 þúsundum dollara fyrir landið allt. London, París og Bangkok eru með líku lagi ríflega helmingi ríkari en Bretland, Frakkland og Taíland, að ekki sé minnzt á Sjanghæ, þar sem framleiðsla á mann er tvisvar sinnum meiri en í Kína í heild.

Kaupmáttarkvarðinn er oft notaður í fjölþjóðlegum samanburði, þar eð verðlag er mishátt eftir löndum. Klipping í Sjanghæ kostar til dæmis ekki nema 200 krónur, og kaupmáttur heimilanna er eftir því meiri en ella. Stokkhólmur er rösklega helmingi ríkari en Svíþjóð; tekjur á mann í Stokkhólmi 2005 námu 54 þúsundum dollara móti 32 þúsundum dollara fyrir landið allt. Munstrið er býsna skýrt, en það er samt ekki einhlítt. Hamborg er til dæmis ekki miklu ríkari en Þýzkaland mælt í tekjum á mann.

Borgir, einkum stórborgir, eru yfirleitt hagkvæmar rekstrareiningar. Ýmsa þjónustu er ódýrara að sækja í borg en í sveit, ekki aðeins vegna nálægðar fyrirtækjanna við mikinn fjölda viðskiptavina, heldur einkum vegna þeirrar hagkvæmni, sem býr í vel útfærðum stórrekstri. Flutningar fólks úr dreifðum byggðum í þéttbýli endurspegla eftirsókn þess eftir betri þjónustu og betur launuðum störfum, sem borgir og bæir geta veitt umfram sveitirnar.

### Nýr skýjakljúfur á hverjum degi

Uppgangurinn í Kína undangengin ár er öðrum þræði því að þakka, að fólkið hefur flykkzt úr sveitunum inn í borgirnar. Sveitafólkið leggur drjúgan skerf til verðmætasköpunarinnar í borgunum og breytir ásjónu þeirra og lyftir lífskjörum borgarbúa á heildina litið. Sennilega hefur engin borg heimsins tekið viðlíka stakkaskiptum og Sjanghæ, sem hefur á stuttum tíma breytzt úr frekar lágreistri byggð í háreista heimsborg, sem býst nú til að keppa við Hong Kong og New York á flestum sviðum. Tekjur á mann í Sjanghæ eru nú orðnar svipaðar og þær voru á Íslandi um 1970 – já, 1970! – og aukast hratt frá ári til árs. Borgarbragurinn ber vitni: iðandi mannhaf, brunandi bílar og byggingarkranar, sem reisa einn nýjan skýjakljúf á hverjum degi.

Í þessu ljósi þarf að skoða sérstöðu borgríkjanna tveggja í Suðaustur-Asíu, Hong Kong og Singapúr. Þau þurfa ekki að bera þann kostnað, sem fylgir smárekstri í dreifðum byggðum og einnig landbúnaði, jafnvel þegar hann er stundaður með stóru sniði. Borgríkin hafa að því skapi meiri vaxtarmöguleika. Það er því ekki að öllu leyti sanngjarnt að bera lífskjör almennings þar saman við lífskjör í öðrum löndum; nær væri að bera kjörin þar við lífskjör í öðrum borgum.

### Ör vöxtur, en ekki í Japan

Asíulöndin hafa af eigin rammleik náð miklum árangri síðan 1960. Fjármálakreppan þar 1997-98 setti ekki stórt strik í reikninginn á heildina litið. Lækkun hlutabréfaverðs getur að vísu verið þungbær í bráð, en hún veldur yfirleitt ekki langvinnum búsifjum, ef undirstaðan er sterk. Örastur hefur vöxturinn verið í Kína í krafti efnahagsumbótanna, sem Deng Xiaoping hóf 1978 fyrst í landbúnaði og síðan á öðrum sviðum upptendraður af heimsókn sinni til Singapúr, þar sem hann fékk að sjá með eigin augum, hversu mikils Kínverjar eru megnugir, fái þeir til þess frið og svigrúm. Landsframleiðsla á mann í Kína tífaldaðist 1975-2005. Framleiðsla á mann í Hong Kong, Singapúr og Taílandi fjórfaldaðist á sama þrjátíu ára skeiði og fimmfaldaðist í Kóreu. Framför Taílands frá 1975 má ráða af því, að landið hefur vaxið jafnhratt og borgríkin tvö, Hong Kong og Singapúr, þótt aðeins þriðjungur Taílendinga búi nú í borgum og bæjum á móti 80 prósentum Kóreumanna.

Um Japan gegnir öðru máli. Þar hefur framleiðsla á mann ekki nema tvöfaldazt frá 1975 líkt og á Íslandi. Ekki nóg með það: landsframleiðsla á mann í Japan stóð svo að segja í stað 1990-2000 og óx aðeins um sjöttung 1990-2005 á móti þriðjungsaukningu hér heima. Hægur vöxtur Japans frá 1990 skrifast einkum á duglausa stjórnmálastétt, sem stóð ráðþrota frammi fyrir ofþenslu á fasteigna- og hlutabréfamarkaði fyrir 1990 og einnig frammi fyrir stöðnun í heilan áratug í kjölfar ofþenslunnar. Svo langan tíma getur það tekið að vinda ofan af alvarlegri ofþenslu í efnahagslífi lands, hvort sem atvinnulífið eða ríkið ber upphafssök á ofþenslunni. Við þekkjum þetta: Ísland stóð í stað 1987-96 eftir verðbólgu og rakalausa óstjórn fyrri ára. Sagan er til þess að læra af henni, en gæti þó verið í þann veginn að endurtaka sig.

# Fimm árum síðar

UMRÆÐAN

Íraksstríðið



AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

Fyrir fimm árum virtu tveir stjórnmálamenn reglur og hefðir Alþingis að vettugi og ákváðu upp á eigin spýtur að Ísland styddi stríð Bandaríkjanna í Írak. Með því sýndu þeir lýðræði í landinu, samstarfsfólki sínu og þjóð ótrúlega vanvirðingu. Því þjóðin var ekki sama sinnis. Enn sér ekki fyrir lok hernaðar í Írak. Rannsóknir benda til að allt að rúm milljón írakskra borgara liggi í valnum. Mennirnir tveir hafa ekki beðist afsökunar, hvorki íslensku þjóðina né þá írösku.

Það er furðulegt að hugsa til þess að þjóð sem aldrei hefur haft eigin her sé með slíku móti orðin þátttakandi í hernaði í fjarlægu landi. Sama þjóð og tók það sérstaklega fram við stofnaðild að NATO að hún mundi ekki lýsa yfir stríði á hendur annarri þjóð. Þeim sem hafa fylgst með utanríkisstefnu Íslands undanfarna áratugi kemur þetta þó ekki á óvart. Sú ákvörðun að styðja stríð er nefnilega í rökréttu samhengi við fyrri stefnu, þ.e. blindan stuðning við hernaðarhyggju Bandaríkjanna og NATO.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp utanríkisráðherra um varnarmál. Það felur aðallega í sér að Ísland gangi endanlega í NATO, m.a. með því að Íslendingur mun framvegis sitja fundi í herstjórnarmiðstöðvum NATO og ákveða þar hvaða þorp skal sprengja næst. Í hinu nýja „varnarmálafrumvarpi“ felst sömuleiðis að hingað komi hersveitir nokkrum sinnum á ári til að æfa sig í að drepa, limlesta, sprengja og skjóta.

Enn hefur hvorki óvinur né ógn verið skilgreind eða fundin sem réttlætir þessi hernaðarumsvif. Það eina sem heyrst hefur eru auknar siglingar olíuskipa við landið. Nema fyrirhugað sé að sprengja þessi skip í loft upp hefði ég haldið að dráttarbátur væri betri lausn við slíkri ógn. Á sama tíma er lögreglan í Reykjavík svo fjársvelt að sá fjöldi lögreglumanna sem áður átti að sinna Reykjavík einni á nú að þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu. Er ekki kominn tími til að íslensk stjórnvöld átti sig á aðstæðum og veiti okkur þær varnir sem við þurfum á að halda, í stað þess að lögbinda veru okkur í herskáasta hernaðarbandalagi heimsins í dag?

*Höfundur er formaður Ungra Vinstri grænna.*



OPIÐ Í DAG 12-18
OG LAUGARDAG 11-18
Föstudaginn langa lokað
Páskadag lokað
Annan í páskum lokað
8 GB verð - 24.895
17.895
iPod Nano 4 GB
Apple
Apple iPod nano. 4 og 8 GB minni, allt að 24 klst. tónlistar-afspilun og allt að 5 klst. video afspilun. Litaskjár. Í kassanum er iPod nano, Apple heyrnartól, USB snúra og leiðarvísir.
24.995
Snertiskjár
SONY
Upptökuvél, DCR-HC51. 30mm Carl Zeiss linsa. 40x optical aðdráttur. 2.5" snertiskjár, NightShot Plus, easy hnappur, digital & analog út. Myndflaga er 1/6" Advanced HAD CCD.
11.995
Aðeins 9,9 mm þykkur
NOKIA
GSM sími, NOKIA2630. Bluetooth og innbyggð myndavél (VGA) með video. Allt að 6 tímar í tali og 310 í bið. MP3 og fjöltóna hringitónar. 65k litaskjár. EDGE, WAP, GPRS, MMS, SMS, Email. Fm útvarp.
5.495
Sléttujárn
Remington®
Sléttujárn, S1031. Þrefalt öryggi, keramik, Tournaline og Teflon húðun. Aðeins 30 sek. að hitna. Kemur í fallegri bólstraðri gjafaöskju.
6.995
Philips rakvél
PHILIPS
Rakvél, HQ7120. Innbyggður bartskeri. Þrír sjálfstætt fjaðrandi hnífar og „Lift&Cut" kerfi. 8 klst. hleðsla gefur tveggja vikna notkun. Gúmmíklætt handfang og hleðslugaumljós.
4.995
2000 watta
Remington®
Hárblásari, D2009. 2000w, þrjár stillingar fyrir hita og tvær hraða- stillingar."ionic" tækni sem minnkar stöðurafmagn sem myndast í hárinu þegar það er blásið.
14.995
Nýjasta vélin frá Sony
SONY
Stafræn myndavél, DSC-S730. 7.2 milljón pixla, 3x optical og 6x stafrænn aðdráttur. Sony linsa með autofocus, 2,4" LCD skjár. ISO 1250 fyrir betri myndir í verri birtuskilyrðum.
17.995
MP3 og ipod hátalari
Logitech
iPod hátalarar, PUREFIANYBL. Mp3 og Ipod hátalari. Getur gengið fyrir rafhlöðum. Vagga fyrir ipod en aux inngangur fyrir aðra tónlistar spilara. Fjarstýring sem yfirtekur ipodinn. ATH IPOD fylgir ekki!!!
22.995
300 W magnari
USB tengi
PHILIPS
Heimabíókerfi, HTS3154. Glæsilegt heimabíó. 300W dolby digital magnari með DVD-spilara. FM útvarp. Spilar DivX ultra. Tengi: USB tengi, skarttengi, component, aux inn og FM lofnet.
Íslenskt tal
995
DVD myndir verð á stk.
Vefverslun ELKO.is
Opin alla páskana
pantanir afgreiddar 25. mars
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
ELKO VIÐ SMÁRATORG OG SKEIFUNNI 7 – SÍMI 544 4000

„Alger sprengja … alveg ótrúleg skáldsaga.“

Politiken

Eftirminnileg frásögn af einkennilegum dreng og áhugamálum hans en um leið nístingsköld lýsing á útskúfun og höfnun. Hér segir af fásinni, fordómum og harðýðgi í garð þeirra sem skera sig úr fjöldanum í litlu samfélagi á sjöunda áratugnum – en atburðirnir gætu eins gerst á öðrum stað og tíma.




„Harmþrungin bók sem kemur út á manni tárunum hvað eftir annað.“

Weekendavisen

„Frumraun Knuds Romer er afburðagóð bók um heimabæ hans.“

Information

FRUMÚTGÁFA Í KILJU

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is



Páskar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum



FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Skemmtilegur Ratleikur

Kl. 11:00 á páskadagsmorgni verður haldinn sunnudagaskóli í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í samvinnu við Laugarneskirkju, Áskirkju og Langholtskirkju. Komið verður saman við Selalaugina.

Hestateyming alla dagana frá klukkan 14.00 til 14.30.

Nýklaktir hænuungar. Vísindaveröldin og Sjávardýrasafnið full af fróðleik.

Vöfflur með rjóma og rjúkandi heitt kakó í kaffihúsinu.

Vetrardagskrá

10.00 Garðurinn opnaður
10.30 Hreindýrum gefið
11.00 Selum gefið
11.30 Refum og minkum gefið
14.00 Svínum hleypt út ef veður leyfir
15.30 Hreindýrum gefið
15.45 Dýrum í smádýrahúsi gefið
16.00 Selum gefið
16.15 Hestum, kindum og geitum gefið
16.30 Svínum gefið og mjaltir í fjósi
17.00 Garðinum lokað

Opið verður alla dagana frá klukkan 10.00 til 17.00

www.mu.is



512 Auglýsingasími 50 50



– Mest lesið


# Blásið í nýja bólu

UMRÆÐAN
Efnahagsmál


SVEINN VALFELLS

Umtalsverð leiðrétting á sér nú stað á gengi íslensku krónunnar og verði íslenskra hlutabréfa. Hætt er við að harðni á dalnum á mörgum heimilum. Freistandi er, eins og margir hafa gert, að kenna um ytri aðstæðum þegar illa fer en þakka sér sjálfum þegar vel gengur. Þó ýmsar leiðréttingar eigi sér nú líka stað utan Íslands er vandinn engu síður að mestu heimatilbúinn.

Þrátt fyrir viðvaranir var reist stór vatnsaflsvirkjun og stjóriðja á Austurlandi. Kárahnjúkavirkjun og álver Alcoa eru umsvifamikil fjárfesting sem skilað hafa litlu til þjóðarbúsins í hlutfalli við stærð fjárfestingar, áhættu og náttúruspjöll. Framkvæmdirnar hafa hins vegar valdið þenslu og að öllum líkindum rutt í braut öðrum arðsamari og umhverfisvænni atvinnugreinum. Hærra hlutfall húsnæðislána sem lofað var í aðdraganda kosninga 2003 jók innstreymi gjaldeyris, keyrði húsnæðisverð upp úr öllu valdi og olli óhóflegri skuldsetningu heimilanna. Ríkisbankar voru einkavæddir án þess að tilskilinn lagarammi viðskiptalífs væri settur og óháðir eftirlitsaðilar fjármálamarkaðar væru efldir nægilega. Ráðandi hlutir í Landsbanka og Búnaðarbanka voru afhentir einkavinum stjórnmálamanna á undirverði. Nú er svo komið að meira að segja forsætisráðherra kallar bankana „djarfa“, þeir hafi jafnvel stundum farið „fullgeyst“.

Þrátt fyrir einkavæðingar hefur aðhald í ríkisfjármálum ekki verið nægilegt. Skuldir hafa að vísu verið borgaðar niður en hlutfall útgjalda ríkis af landframleiðslu er nánast óbreytt. Miðstýring og kostnaður í heilbrigðisgeira voru aukin og valfrelsi skert með illa ígrundaðri sameiningu Borgarspítala og Landspítala. Reykjavíkurborg var skuldsett, meðal annars til að fjármagna ævintýralegar viðskiptahugmyndir Orkuveitunnar og íburðarmikið skrifstofuhús. Vegakerfi þéttbýlis á suðvesturhorni var vanrækt. Þar býr meirihluti þjóðarinnar. Í staðinn var milljörðum varið í jarðgöng og aðrar framkvæmdir þar sem umferðin er lítil og fáir vilja búa. Mikill munur hefur verið á skatti á fjármagnstekjum og launatekjum. Þetta skattamisrétti hefur hyglað spákaupmönnum en refsað venjulegu launafólki.

Seðlabanki slakaði á bindiskyldu innlánsstofnana og jók svigrúm þeirra til útlána. Sú aðgerð kynti undir þenslunni. En hann brást of seint við verðbólgunni sem þenslan olli og háir vextir leggjast nú þungt bæði á almenning og atvinnuvegi. Þensla og vaxtahækkanir hækkuðu mjög gengi krónunnar á tímabili og hátt gengi fór illa með mörg útflutningsfyrirtæki. En núna er krónan rúin trausti á heimsmarkaði og Seðlabankinn úrræðalaus.

Heilbrigð umræða um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu hefur verið kæfð með offorsi og útúrsnúningum.

Margir helstu forystumenn viðskiptalífs og stjórnmála hafa gagnrýnislaust leitt glannaskap og ábyrgðarleysi síðustu ára. Almenningur hefur óhjákvæmilega að einhverju leyti hrifist með. Formenn núverandi stjórnarflokka hafa báðir gegnt lykilhlutverki, Geir Haarde sem ráðherra í ríkisstjórn og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem borgarstjóri Reykjavíkur.

Þeirra er nú valið. Að blása í nýja bólu, byggja fleiri álver, hygla áfram útvöldum einkavinum á kostnað almennings og halda í ónýtan gjaldmiðil. Eða leggja góðan grunn til framtíðar, efla fjármálaeftirlit og Samkeppnisstofnun, hætta að niðurgreiða aðgang útgerðar og Landsvirkjunar að auðlindum, jafna skattabilið milli fjármagns- og launatekna, taka upp trúverðugan gjaldmiðil, auka valkosti í heilbrigðis- og menntamálum, hætta að leggja dýra vegi á afskekkta útkjálka, upplýsa um hagsmunatengsl stjórmálaflokka, þingmanna og ráðherra, og láta á það reyna hvort ekki náist sanngjarnir samningar um aðild að ES.

*Höfundur er eðlisfræðingur og hagfræðingur.*

# Nágranna

UMRÆÐAN
Kynþáttafordómar


TOSHIKI TOMA

Flest þekkjum við dæmisöguna um miskunnsama Samverjann nokkuð vel. Þetta er dæmisaga sem Jesús notaði til þess að kenna okkur hver sé náungi okkar. En stundum sýnist mér að sagan sé misskilin þannig að við höldum að Jesús sé að segja að við skulum veita fólki í erfiðleikum hjálparhönd. Sönn áminning dæmisögunnar er hins vegar þessi: Þegar við skilgreinum nágranna okkar á einhvern hátt, t.d. eftir stéttaskiptingu í samfélaginu, þjóðerni eða siðvenju, þá föllum við í gryfju fordóma og mismununar, þar sem skilgreining á nágranna okkar er sjálfkrafa skilgreining á því hverjir séu ekki nágrannar okkar. Því við eigum að vera nágrannar sjálf fremur en að velja okkur nágranna.

Fordómar og mismunun, hvort sem um er að ræða kynþáttamisrétti eða annars konar mismunun, fylgir röksemd sem stendur á rangri forsendu eða illum huga. Gallupkönnun á Íslandi fyrir nokkrum árum sýndi að töluverður hópur í þjóðfélaginu vill ekki hafa múslima og geðsjúklinga í nágrenni sínu. Einnig sjást fjölmörg dæmi um neikvæða umfjöllun um múslima eða útlendinga í fjölmiðlum og í netheimi. Hver sem ástæðan er sem liggur að baki þessa viðhorfs, má segja að slíkt er einmitt tilraun til þess að skilgreina það „hverjir eru nágrannar okkar og hverjir ekki“ eða hitt að menn vilja „velja nágranna sína“.

Ég ætla ekki að neita því að það gerist stundum í lífi okkar að við mætum einstaklingi með sérstök vandamál, eins og neyslu eiturlyfja eða ofbeldisfulla framkomu, og við viljum því ekki eiga í miklum samskiptum við hann. En það er stór munur milli þessa tveggja, annars vegar að bregðast við áþreifanlegum vandamálum sem eru til staðar í raun og hins vegar að alhæfa svo um hóp manna í þjóðfélaginu að við afþökkum öll samskipti við einstaklinga úr þeim hópi. Hið síðarnefnda eru bókstaflegir fordómar sem ekki er hægt að fela undir forsendum forvarna. Forvarnarstarf leiðir okkur í meira öryggi og uppbyggingu betra samfélags, en fordómar skapa aðeins hatur meðal manna og aukið misrétti.

Fordómar og mismunun eru oftast hugsuð frá sjónarhorni þolenda þeirra. En í þessari smágrein langar mig líka að benda á hina hlið málsins, sem er það að ef haldið er fast í fordóma og mismunun þá skaðar það mannkosti þess sem ber slíkt með sér. Ef maður lætur fordóma sína vera, munu þeir stjórna manni algjörlega með tímanum og búa til sjálfsréttlæti og sjálfsánægju, eins og fræðimennirnir eða farísearnir sem Jesús gagnrýnir oft í Biblíunni. Að lifa í sjálfsréttlæti og sjálfsánægju er langt frá hinu eftirsóknarverða lífi kristinna manna og þeirra sem virða dýrmæti mannlífsins.

Nú stendur yfir átak sem er Evrópuvika gegn kynþáttafordómum og misrétti og lýkur henni hinn 23. mars, á páskadegi. Ég óska að sérhvert okkar hugsi um eigin fordóma og meti mikilvægi þess að verða nágranni þeirra sem búa í sama samfélagi.

*Höfundur er prestur innflytjenda.*

# Páskaglaðningur Domino's Pizza







**Gómsætur glaðningur frá Freyju**

**Við hjá Domino's gefum páskaegg með öllum pöntunum frá og með deginum í dag og fram að páskum, á meðan birgðir endast.**

Domino's Pizza®

**58·12345**

**dominos.is**



†

*Ástkær faðir og bróðir okkar,*

**Birgir Gunnarsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans sunnudaginn 2. mars síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Guðbjörn Helgi Birgisson**
**Gunnar Gunnarsson**
**Ólafur Gunnarsson**
**Sigrún Edda Gunnarsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Árnýjar Guðríðar Enoksdóttur**
frá Hópi, Grindavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Víðihlíð í Grindavík.

**Þorsteinn Guðmundsson** **Rungnapha Guðmundsson**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Helgi Þór Magnússon**
**Þorvaldur Guðmundsson** **Somphop**
**Birgir Ingi Guðmundsson**
**Þórlaug Guðmundsdóttir** **Þorlákur Grímur Halldórsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Ingibjörg Bjarnadóttir**
Vallargötu 7, Sandgerði,

lést mánudaginn 17. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Jón Ásmundsson** **Helga Karlsdóttir**
**Kristín Ásmundsdóttir** **Jón Árni Ólafsson**
**Ragnheiður Ásmundsdóttir** **Magnús Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar,*

**Þorbergur Kristjánsson**
Brúnahlíð,

verður jarðsunginn frá Grenjaðarstaðarkirkju laugardaginn 22. mars kl 14.00.

**Kristín Þorbergsdóttir** **Ægir Eiríksson**
**Guðný Þorbergsdóttir** **Sverrir Haraldsson**
**Þuríður Kristjana Þorbergsdóttir** **Gísli Gunnarsson**
**Árni Þorbergsson** **Sigrún Óladóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Innilegar þakkir sendum við til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þráins Sigtryggssonar**
skipstjóra og útgerðarmanns
Grundarbraut 26, Ólafsvík.

**Guðbjörg Elín Sveinsdóttir**
**Egill Þráinsson** **Hrefna Guðbjörnsdóttir**
**Pálína Þráinsdóttir** **Ingvar Sigurðsson**
**Bryndís Þráinsdóttir** **Valur Magnússon**
**Sigurbjörg Þráinsdóttir** **Þröstur Kristófersson**
**Björk Þráinsdóttir** **Lárus Einarsson**
**Berglind Þráinsdóttir** **Heimir Maríuson**
**Sigtryggur Þráinsson** **Margrét Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**HENRIK IBSEN LEIKRITASKÁLD FÆDDIST ÞENNAN DAG 1828.**

*„Minnihlutinn getur haft rétt fyrir sér en meirihlutinn hefur alltaf rangt fyrir sér."*

***Henrik Ibsen var norskur leikritahöfundur sem náði heimsathygli með leikritum á borð við Pétur Gaut, Brúðuheimilið, Þjóðníðing og Heddu Gabler. Sagt er að verk Ibsens séu hvað oftast sett upp á eftir verkum Shakespeares.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. MARS 1815

## *Napóleon aftur í París*

Franski konungurinn hafði tekið við völdum eftir að Napóleon hafði flúið frá Frakklandi. Napóleon, sem var í hálfgerði útlegð, sagði skilið við konu sína og son og ákvað að snúa aftur. Napóleon kom aftur á meginland Evrópu 1. mars og náði að safna 340. þúsund manna her á stuttum tíma og hrifsaði til sín völdin á ný. Þessi endurkoma Napóleons til Parísar og tími hans við völd á ný er oft kallaður hundrað dagarnir. Á þessum tíma var Napóleon orðinn ansi slæmur af gyllinæð vegna stöðugrar setu á hesti sínum. Hann gat aðeins setið stutt á baki og það háði honum til dæmis þegar hann barðist í Waterloo þar sem hann var ávallt að fara af baki og á.



KRISTINN ÓLASON SKÁLHOLTSREKTOR: MEÐ TVÖ ERINDI UM TRÚMÁL Á AKUREYRI

# Með upprisu gaf Kristur lífi manna nýja merkingu

Kristinn Ólason Skálholtsrektor er kominn norður til Akureyrar og flytur þar tvo ólíka fyrirlestra um bænadagana. Báðir tengjast þeir kristinni trú.

„Ég fjalla í dag um kristinn mannskilning út frá þeim textum sem varðveittir eru í Biblíunni. Sá fyrirlestur er á vegum Félags áhugamanna um heimspeki á Akureyri. Biblíutextarnir gefa okkur myndir af manneskjunni á meira en þúsund ára tímabili," segir Kristinn aðspurður um þann boðskap sem hann ætlar að bera Akureyringum. Athugasemd um að mannlífið hafi tekið allnokkrum breytingum frá því Biblían var rituð svarar hann með kristilegu umburðarlyndi.

„Vissulega eru kirkjunnar menn í nútímanum oft að túlka texta sem eru nær 2000 ára gamlir og það er ekki alltaf vandalaust. En textarnir fjalla um grundvallarspurningar mannlífsins og eiga því við á öllum tímum. Þeir eru sá brunnur sem við sækjum í og þess vegna er predikað út frá þeim í kirkjunni á hverjum sunnudegi. Þeir þurfa bara að orðast upp á nýtt með hverri kynslóð."

Í Glerárkirkju verður dagskrá á morgun, föstudaginn langa, með töluðu orði, tónlist og kaffiveitingum. Þar ætlar Kristinn að ræða um baráttu góðs og ills. Hann kveðst þá meðal annars líta til lífsgæða sem séu takmörkunum háð.

Hvað á hann við? „Takmörkun lífsgæða hefur alltaf verið til staðar, hvort sem er vegna sjúkdóma, styrjalda, afbrota eða annarrar mannlegrar niðurlægingar. Við vitum að allsstaðar þar sem líf verður til þá er þjáning jafnframt dæmt til að deyja. Þetta eru skorður sem öllu mannlegu lífi eru settar.

En kristin trú varpar tilteknu ljósi á líf mannsins og gefur því ákveðna merkingu. Grunnstef trúarinnar gerir ráð fyrir því að Kristur hafi verið sonur Guðs, hann hafi dáið fyrir mannkynið og síðan risið upp til að gefa lífi allra manna nýja merkingu."

gun@frettabladid.is



**„TEXTAR BIBLÍUNNAR FJALLA UM GRUNDVALLARSPURNINGAR MANNLÍFSINS OG EIGA ÞVÍ VIÐ Á ÖLLUM TÍMUM.** Þeir eru sá brunnur sem við sækjum í þess vegna er predikað út frá þeim á hverjum sunnudegi," segir Kristinn Skálholtsrektor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



†

*Ástkær sambýliskona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hólmfríður Davíðsdóttir**
Hlíðarhjalla 69,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 18. mars. Útför verður auglýst síðar.

**Gunnar Ásmundsson**
**Davíð Guðmundsson** **Hulddís Guðbrandsdóttir**
**Ásgeir Sigurðsson** **Arndís Kristjánsdóttir**
**Kolbrún Marín og Róbert Dagur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,*

**Guðrún Lilja Halldórsdóttir**
Barðaströnd 10, Seltjarnarnesi,

lést á landspítalanum 17. mars síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Örn Ármann Sigurðsson**
**Halldór Ármann Sigurðsson**
**Anna Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Magnús Ármann Sigurðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**









**Sandblástursfilmur**
Fyrir vinnustaði eða heimili • Stílhreint og snyrtilegt
Lokar gluggum án þess að tapa náttúrulegri birtu
Ýmis mynstur í boði




Hvaleyrarbraut 35 220 Hafnarfjörður Sími: 534 7900
www.maogme.is • maogme@maogme.is



Nýi leðurjakkinn er renndur, með hettu og stroffi á ermunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Jakki í frumsýningargjöf

***Leikkonan Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir á það til að gefa sjálfri sér frumsýningargjöf. Hún keypti sér langþráðan leðurjakka í síðustu viku í tilefni af frumsýningu Heiðarinnar.***

Ísgerður, sem flestir þekkja úr Stundinni okkar, á það til að verðlauna sig í kringum frumsýningar með því að kaupa sér einhverja nýja flík. Þannig var það í síðustu viku þegar kvikmyndin Heiðin, sem hún leikur í, var frumsýnd.

„Ég átti leðurjakka sem ég hélt rosalega mikið upp á en honum var stolið síðastliðið sumar. Ég er búin að syrgja hann mikið en fann svo nýjan í Kringlunni í síðustu viku og skellti mér á hann í tilefni af frumsýningunni. Jakkinn er renndur, með hettu og stroffi á ermunum og ég er hæstánægð með hann,“ segir Ísgerður.

Fyrir utan leðurjakkann segist Ísgerður ekki ganga mikið í leðri og kaupir hún fötin sín hér og þar. Þegar hún var í leiklistarnámi í London keypti hún mest á mörkuðum eins og Camden og Portobello. „Ég geng yfirleitt bara í þægilegum fötum og hef verið mikið í víðum buxum og hettupeysu í gegnum tíðina. Síðastliðið ár hefur mér þó fundist gaman að fara í kjóla og pils en er þó ekki búin að leggja víðu buxunum,“ segir Ísgerður og hlær.

Heiðin, sem er eftir Einar Þór Gunnlaugsson, er önnur bíómynd Ísgerðar en áður hefur hún leikið í Strákunum okkar.

*vera@frettabladid.is*

**NOSE & BLOWS**
Ofnæmisprófuð lína sem er sérstaklega hönnuð fyrir kvefaða litla nebba. Mild formúla sem svíður ekki undan.

Nebbaþurrkur og nebbakrem
Blautklútar sem hjálpa til við að hreinsa nefgöngin. Inniheldur rakagefandi B5 vítamín og náttúrulegt mentol til þess að auðvelda öndun. Inniheldur hvorki litarefni né alkóhól.

Kremið inniheldur ilmkjarnablöndu af piparmyntu og eucalyptus auk nornaheslis sem er mjög græðandi.



Fæst í apótekum um land allt





**Varalitur** eða gott gloss er svo sparilegt þegar hátíð gengur í garð og fínu fötin fá að njóta sín.























Eyrnalokkar við uppáhaldskjólinn frá Monsoon, kr. 1.390.



Fallegar fjaðrir fyrir hátíðargreiðslu, Oasis, kr. 2.690.



Hentugt lítið handveski frá Monsoon, kr. 2.099.



Hárskraut sem setur punktinn yfir i-ið frá Oasis, kr. 2.990.

# Glingur og gjafir á síðasta snúningi

***Þegar hátíðin er undirbúin getur verið gott að komast í búð ef smáhlutirnir gleymast.***

Á páskum fara margir í fermingarveislur og fjölskylduboð. Þá er nauðsynlegt að punta sig og flestir eflaust búnir að finna bæði kjól og smóking. Þó eru þeir til sem eru á síðasta snúningi með smáglingur og gjafir. Í Kringlunni og Smáralind er opið í dag frá kl. 13-18. Á laugardag er Kringlan opin frá kl.10-18 og Smáralind frá kl.11-18. Verslanir á Laugavegi eru einnig margar hverjar opnar á svipuðum tíma.



Fallegar neglur fyrir hátíðina eða til fermingastúlkunnar frá Esteé Lauder fást í Lyfjum og heilsu, kr. 4.711.



Púður- og kinnalitabursti frá Bobbi Brown sem fer vel í handtösku, Lyf og heilsa, Kringlunni, kr. 3.598.



Augnskuggi, gloss og kinnalitur frá Bobbi Brown, Lyf og heilsa, kr. 5.683.






**Pappapáskaegg** getur verið sniðugt að fylla með alls konar góðgæti. Í þau má líka setja unga og annað páskalegt og nota sem skraut.

# Frí kennsla fyrir börnin

**Til afhendingar strax.**
***Upplýsingar veitir Theodór. Gsm 846 2290.***

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**


Frum


Ný hugsun – nýjar íbúðir

www.arnarneshaed.is

# STUÐ MILLI STRÍÐA Bandaríkin í brennidepli

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VILL KJÓSA OBAMA MEÐ SMS



Bandarískar forsetakosningar eru æði merkilegt fyrirbæri. Þær eru til að mynda án nokkurs vafa vinsælustu kosningar í heimi. Hvert einasta mannsbarn þekkir þessa þrjá frambjóðendur sem keppa um hið eftirsótta heimili í Hvíta húsinu; Barack Obama, Hillary Clinton og John McCain. Meira að segja Íslendingar hafa látið gera skoðanakönnun um hvern þeir myndu haka við ef þeir væru Kanar.

Bandarísku forsetakosningarnar eru allsendis ekki ólíkar American Idol sem sýnt er á Stöð 2. Eftir hverja ræðu sitja sveittir spekúlantar á stóru sjónvarpsstöðvunum og segja sína skoðun, alveg eins og Simon Cowell. Innihald orðanna er náttúrulega fyrirferðarmest en engu síðra máli skiptir hvernig frambjóðendurnir sögðu hlutina, í hverju þeir voru og hversu oft þeir notuðu orð á borð við „þjóðarást“, „Guð“ og „USA“, orðin sem Ameríkaninn elskar að heyra. En líkt og í American Idol geta Íslendingar og aðrar þjóðir ekkert tjáð sig um hvað þeim finnst, þeir fá bara að horfa á.

Sigurvegarinn í American Idol fær síðan plötusamning og lög hans taka að óma um allan heim. Þeim er reyndar réttara sagt prangað upp á saklausa viðskiptavini sem er alls óvarnað þegar ameríska markaðsvélin setur í fimmta gír og keyrir yfir allt. Hið sama gildir um bandaríska forsetann. Þegar hann hefur svarið sinn eið við land og Guð, fer ameríska mulningsvélin af stað og orð forsetans hljóma hvar sem komið er. Hann er hinn nýja stjarna, fulltrúi frjálsa heimsins. En við fáum ekkert um þetta sagt, fylgjumst bara með því þegar nýjasta súperstjarnan birtist í dyragættinni og segir okkur hvernig við eigum að hugsa, borða og sitja.

Og því skyldi maður ætla að bandarísku forsetakosningarnar yrðu í raun enn einn anginn af alheimsvæðingunni, þjóðir heims fengju að kjósa með SMS og netinu enda virðist þetta embætti hafa miklu meiri áhrif utan landsteinanna en innan þeirra. .

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ 10.00-18.30

## BÓNUS PÁSKAEGGIN

Bónus páskaegg nr.4 315g **598 kr.**

Bónus páskaegg nr.5 420g **798 kr.**

Bónus páskaegg nr.6 520g **898 kr.**

898 798 598

GLEÐILEGA PÁSKA

40% AFSLÁTTUR

Bónus ferskur kjúklingur kryddaður í álbakka
**479 kr./kg.** *MERKT VERÐ 799 KR./KG.*

LOKAÐ FÖSTUDAG

Afgreiðslutíminn er á heimasíðu Bónus www.bonus.is Gleðilega páska

499

Ali ferskur svínabógur **499 kr./kg.**

30% AFSLÁTTUR

Ali hamborgarhryggur með beini
**1252 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1789 KR./KG.*

DANISH CROWN

40% AFSLÁTTUR

Danish Crown frosnar svínalundir
**1079 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1799 KR./KG.*

998

Danish crown frosinn svínahryggur
**998 kr./kg.**

MEST SELDA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS

20% AFSLÁTTUR 30% AFSLÁTTUR 20% AFSLÁTTUR

KF einiberjakryddað lambalæri **1399 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1999 KR./KG*
KS frosið lambalæri **879 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1098 KR./KG.*
KS frosið lambafillet með fitu **2398 kr./kg.** *MERKT VERÐ 2998 KR./KG.*

15% AFSLÁTTUR

KF kofareyktur hangiframpartur m/beini
**679 kr./kg.** *MERKT VERÐ 799 KR./KG.*

BRAGÐAREFUR 1 LÍTRI BÓNUS

198

Bónus ís bragðarefur **1 ltr. 198 kr.**

198

Bónus kleinuhringur 2 stk **198 kr.**

198

Myllu möndlukaka 420 gr **198 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 10.00 TIL18.30 FÖSTUDAGUR: LOKAÐ

2008
15. MAÍ - 5. JÚNÍ
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



Stórmeistari djassins
Landsbankinn

WAYNE SHORTER KVARTETTINN
„Wayne Shorter er einn fárra sem skrifaði tónlist fyrir Miles [Davis] sem hann vildi ekki breyta." Herbie Hancock
HÁSKÓLABÍÓ 24. MAÍ. | MIÐAVERÐ: 6.200 / 5.700



Ein skærasta stjarna söngheimsins!

EINSÖNGSTÓNLEIKAR
DENYCE GRAVES MEZZÓSÓPRAN
Denyce Graves kom fram á minningartónleikum um þá sem létu lífið í hryðjuverkaárásunum 11. september og sjónvarpað var um allan heim. Hún er nú menningarsendiherra Bandaríkjanna.
HÁSKÓLABÍÓ 1. JÚNÍ | MIÐAVERÐ: 6.800 / 6.200

Miðasala á listahatid.is & midi.is
Á vef Listahátíðar færðu nánari upplýsingar um alla viðburði Listahátíðar 2008, þar með talið þær fjölmörgu myndlistarsýningar sem opnaðar verða á hátíðinni 15.-18. maí.
Miðasala fer einnig fram í síma 552 8588 alla virka daga frá kl. 10-14.

Bakgrunnsmynd: Roger Hiorns / *Object - a manipulated growth*. © 2007 Serpentine Gallery. Ljósmynd: Alastair Fyfe.

KAUPÞING ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS

# Lykill, hlaupagarpur og bloggari í útvarpi

Útvarpsleikhúsið frumflytur nú um páskana nýjan þríleik eftir leikskáldið Bjarna Jónsson á Rás 1. Þríleikurinn Besti vinur hundsins heita þrjú sjálfstæð leikrit sem tengjast og mynda heild. Þó má njóta hvers verks um sig án þess að heyra þau öll.

Tónlist við verkin semur Hallur Ingólfsson, hljóðvinnsla er í höndum Georgs Magnússonar og höfundur leikstýrir leikritunum þremur.

Fyrsta leikritið nefnist Lykillinn og verður flutt á skírdag kl. 15. Í því fylgjast hlustendur með mæðgunum Maríu og Söru sem hafa fest kaup á tveggja hæða húsi í Vesturbænum. Seljandinn er einstæð móðir sem hefur þegar afhent kaupendum lykla að húsinu, alla nema einn sem er enn í vörslu sonar hennar. Þegar henni tekst loksins að fá hann til að afhenda lykilinn, hefur hún enga hugmynd um það að drengurinn hefur látið gera annað eintak sem hann hyggst nota til þess að bjarga sér úr dálitlum vanda.



**BJARNI JÓNSSON LEIKSKÁLD** Samdi og leikstýrði þríleiknum Besti vinur hundsins.

Annað leikrit þrenningarinnar kallast Endasprettur og er á dagskrá á páskadag kl. 15. Þar kynnast hlustendur Vésteini. Hann var hlaupagarpur þegar hann var yngri og átti Íslandsmet í 400 metra hlaupi pilta. Vésteinn er eldheitur friðarsinni og daginn sem nokkur NATO-herskip koma að landi í Reykjavík er hann mættur niður á höfn til þess að mótmæla komu þeirra. Um kvöldið skýtur hann síðan upp kollinum á samkomu í Friðarhúsinu, þar sem menn deila um stefnumál hernaðarandstæðinga í ljósi breyttrar heimsmyndar.

Þriðja og síðasta leikritið er Spunakonan sem flutt verður annan dag páska kl. 15. Leikritið fjallar um Elsu sem heldur úti bloggsíðu. Hún setur inn á hana einfaldar sögur sem eru ekki bara skáldskapur, heldur tengjast einkalífi hennar. Bjarni Jónsson hefur unnið leikgerðir fyrir útvarp og samið leikrit sem sett hafa verið upp í leikhúsum landsins við góðar undirtektir. Síðastliðinn mánudag var tilkynnt um tilnefningu Bjarna til Norrænu leikskáldaverðlaunanna fyrir leikritið Óhapp! sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu síðastliðið haust.

- vþ

# Óvenjuleg Jóhannesarpassía Pärts flutt í dag

Vert er að vekja athygli á stórtónleikum sem fara fram í Hallgrímskirkju í dag kl. 17. Þar koma fram Schola cantorum og kammerhópurinn Caput ásamt einsöngvurunum Margréti Sigurðardóttur, Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur, Braga Bergþórssyni og Benedikt Ingólfssyni og flytja Jóhannesarpassíu eistneska tónskáldsins Arvos Pärt. Stjórnandi flutningsins er Hörður Áskelsson.

Innan kirkjunnar er aldagömul hefð fyrir því að syngja frásagnir guðspjallanna fjögurra um píslargöngu Krists í dymbilviku. Söngformið þróaðist smám saman á þann hátt að mismunandi hlutar sögunnar urðu að mismunandi sönghlutverkum. Á tímum J.S. Bach höfðu tónsetningar píslarsögunnar síðan fest sig í sessi sem stór tónverk með aríum, sálmalögum og kórhlutum, allt á móðurmáli tónskálda og er túlkun tilfinninga gefinn mikinn gaumur.

Arvo Pärt fer allt aðra leið í Jóhannesarpassíu sinni. Hann notar latneska þýðingu, og hvert „hlutverk" fær aðeins fyrirfram ákveðna tóna og nótnagildi til að spila úr. Jafnvel þagnirnar milli setninga eru fastákveðnar og ræðst lengdin af atkvæðafjölda síðasta orðsins á undan.



**Í HALLGRÍMSKIRKJU** Frá æfingu á Jóhannesarpassíu Arvos Pärt.

Miðaverð á tónleikana er 3.000 kr.

- vþ

LÖGSKÝRINGAR
Kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga




eftir Davíð Þór Björgvinsson lagaprófessor og dómara við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg.

Bók þessi hefur að geyma ítarlegt yfirlit um kenningar, aðferðir og sjónarmið við lögskýringar, einkum með hliðsjón af framkvæmd laga hér á landi. Sérstök áhersla er lögð á þýðingu þjóðréttarsamninga við skýringu og beitingu ákvæða í íslenskum lögum.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# LÍNAN



Þú velur...



**Coffee línan: 180 tegundir af áklæðum og 50 tegundir af leðri** | Verð: 2ja sæta frá 88.000 kr. í áklæði og 138.000 kr. í leðri

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16

> **KOMIN MEÐ NÝJAN**

Breska söngkonan Lily Allen er komin með nýjan kærasta. Hún er nýhætt með tónlistarmanninum Ed Simons úr Chemical Brothers en nýi maðurinn heitir Robertson Furze og er upptökustjóri. Þau hafa búið saman á laun í mánuð.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Bingó og forboðnar kleinur

„Við erum ekkert að mótmæla því að fólk geti farið í frí. Við erum bara góðlátlega að vekja athygli á því að samkvæmt hinni úreltu helgidagalöggjöf er stranglega bannað að spila bingó á föstudaginn langa.“ Hér talar Matthías Ásgeirsson, formaður félagsskaparins Vantrúar, sem stendur fyrir bingói á morgun kl. 13 á Austurvelli. Þar verður líka boðið upp á heitt kakó og forboðnar, heimabakaðar kleinur. Allt ókeypis. Í verðlaun eru bækur og páskaegg.

„Þetta eru stífar og kjánalegar reglur og það ætti að vera hægt að breyta þeim. Kirkjumálaráðherra hefur nýverið sagt að honum finnist tilefni til að endurskoða lög um póker hér á landi, hví ekki þá að endurskoða lög um bingó? Okkur finnst tímaskekkja að lögin séu samin út frá trúarskoðunum ákveðins hóps sem tekur páskana hátíðlega. Við viljum ekki búa lengur við siði sem eru ættaðir frá leiðindagaurnum Lúther sem þoldi ekki spil, leiki eða nokkuð það sem við höfum almennt gaman af.“



**ÓLI GNEISTI SÓLEYJARSON**

Þetta er í annað skipti sem Vantrú heldur bingó á hinum háheilaga föstudegi. „Þetta eru ekki alvarleg mótmæli frá okkar bæjardyrum séð og því kom okkur á óvart hversu margir móðguðust og voru sárir út af þessu í fyrra. Það er oftast sama fólkið og finnst múslímar viðkvæmir fyrir því að verið sé að teikna skrípamyndir af Múhameð.“

Og trúleysinginn Matthías ætlar að liggja á meltunni og borða sitt páskaegg. „Enska orðið fyrir páska, Easter, er komið frá hinni fornu gyðju Eostre. Hún var tengd eggjum og hérum sem eru enn í dag táknmyndir þessarar hátíðar. Þetta er einfaldlega vorhátíð og við gleðjumst og fögnum því þegar vorið kemur. Það kemur engum Jesú við.“ - glh



**BINGÓ Á AUSTURVELLI** Frá uppákomu Vantrúar í fyrra.

# Trommari ABBA látinn

Ola Brunkert, sem var trommari sænsku hljómsveitarinnar ABBA, fannst látinn á heimili sínu á Mallorca. Talið er að hann hafi látist af slysförum eftir að hafa fallið í gegnum rúðu og skorist á háls.

Brunkert, sem var ekki einn af fjórum aðalmeðlimum ABBA, spilaði inn á allar plötur sveitarinnar, auk þess sem hann spilaði með henni á tónleikum. Hinn 62 ára Brunkert hafði sest í helgan stein á Mallorca eftir farsælan tónlistarferil.



**ABBA** Ola Brunkert spilaði inn á allar hljóðversplötur sænsku sveitarinnar ABBA.






**ÁSGEIR ÓSKARSSON** Ásgeir var kjörinn heiðursfélagi Blúsfélags Reykjavíkur við opnun Blúshátíðar í Reykjavík.

# Heiðursfélagi Blúsfélagsins

Trommuleikarinn Ásgeir Óskarsson var kjörinn heiðursfélagi Blúsfélags Reykjavíkur við opnun Blúshátíðar í Reykjavík á Hilton Nordica-hótelinu. Með viðurkenningunni fylgdi Gretch-trommusett af bestu gerð sem þakklætisvottur fyrir framlag hans til blústónlistarinnar á Íslandi.

Ásgeir er einn virtasti trommari landsins og hefur spilað með flestum vinsælustu hljómsveitum og tónlistarmönnum Íslands, þar á meðal Stuðmönnum og Þursaflokknum.

Þeir listamenn sem hafa áður hlotið heiðursnafnbót Blúsfélagsins eru Magnús Eiríksson, Björgvin Gíslason, Andrea Gylfadóttir og KK.



# Kalkúninn talar!

Dustin kalkúni, hið flippaða framlag Íra, segist finna fyrir miklum áhuga erlendis frá. Nú er verið að skipuleggja kynningarferð og er aldrei að vita nema kalkúninn komi hingað.

Dustin fór á kostum nýlega í viðtali við írska sjónvarpið. Aðspurður um söngkonuna Dönu, sem segir kalkúnann og lagið hans ekkert nema hneyksli, sagði Dustin aðeins: „Það var mikill klassi yfir því þegar Dana, sem vann árið 1970, birtist aftur sem Dana International árið 1998.“

Dustin tekur eingöngu þátt í Eurovision af pólitískum ástæðum: „Írski efnahagurinn var á blússandi siglingu þegar við héldum keppnina á tíunda áratugnum, en nú er allt á niðurleið. Ég tek einfaldlega þátt svo við getum haldið keppnina aftur og komið efnahagnum í lag!“

Dustin hafði mikinn áhuga á því að allir ungir Írar reyndu að komast á stefnumót með Kryddpíunum. Hann segist hættur við það baráttumál eftir að hann sá þær í návígi.



**VILL SIGRA EVRÓPU** Dustin kalkúni.

EUROVISION 65 DAGAR TIL STEFNU

# Íslenskri tónlist fagnað

**Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í fjórtánda sinn í Borgarleikhúsinu við hátíðlega athöfn í fyrrakvöld. Flestir af frambærilegustu tónlistarmönnum Íslands stigu þar á svið við góðar undirtektir viðstaddra.**



**PÁLL ÓSKAR** Páll Óskar hlaut þrenn verðlaun. Lokaði hann síðan kvöldinu með því að flytja lög af plötunni „Allt fyrir ástina“ ásamt hópi dansara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÓLÖF ARNALDS** Ólöf Arnalds var verðlaunuð fyrir plötu sína „Við og við“ sem kom út fyrir síðustu jól við frábærar undirtektir.



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín, sem var kjörin bjartasta vonin, spilaði lag af sinni fyrstu plötu.



**RÚNAR TÓK LAGIÐ** Rúnar steig upp á svið og söng eitt af sínum þekktustu lögum áður en hann tók á móti heiðursverðlaunum sínum.


Á ÞRIÐJUDAGINN FJÖLGAR ÍSLENSKUM MILLJÓNAMÆRINGUM UM 30

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Næsti útdráttur verður 25.03.2008

GOTT FÓLK

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings




ÍSLENSKA SIA.IS ODD 41330 03/08

**Til hamingju, Mugison**
**Plötuumslag ársins: Mugiboogie**
**Hönnuðir: Mugison, Kjartan Hallur, Alli Metall og Prentsmiðjan Oddi**
**Framleiðandi: Prentsmiðjan Oddi**

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## > Ragnheiður í of stórum sundbol

Sundkonurnar Ragnheiður Ragnarsdóttir og Sigrún Brá Sverrisdóttir komust ekki í undanúrslit í 100 metra skriðsundi á Evrópumótinu í Hollandi. Báðar syntu samt undir ÓL-lágmarki. Sigrún Brá bætti sig talsvert en tími hennar dugði aðeins í 38. sæti. Ragnheiður var aftur á móti hálfri sekúndu frá sínu besta en varð í 25. sæti. Fram kemur á heimasíðu Sundsambandsins að Ragnheiður segist vera í betra formi en tíminn gefi til kynna. Vandamálið í þessu sundi hafi verið að hún hafi verið í sundbol sem var númeri of stór og fór því talsvert vatn inn á bakið sem hægði á sundinu.



**sport**
sport@frettabladid.is

**FERÐASJÓÐUR ÍÞRÓTTAFÉLAGA:** GLÍMUFÉLAG DALAMANNA FÉKK LÆGSTA STYRKINN EÐA 7.613 KRÓNUR

# *Frá Búðardal til Blönduóss fyrir ferðasjóðspeningana*

Á þriðjudag var úthlutað úr ferðasjóði íþróttafélaga í fyrsta skipti. Ungmenna- og íþróttasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga fékk lægsta styrkinn að þessu sinni en hann hljómaði upp á 7.613 krónur. Það var glímufélag Dalamanna sem sótti um styrkinn en glímustarfið þar er gríðarlega öflugt.

Íslandsmeistarinn Svana Hrönn Jóhannsdóttir kemur frá því glímufélagi og yngri systir hennar, Sólveig Rós, er einnig á meðal bestu glímukvenna landsins. Faðir þeirra stúlkna, Jóhann Pálmason, er í forsvari fyrir glímufélagið og hann hafði ekki heyrt af styrkveitingunni þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Mér líst bara ágætlega á þetta. Þetta er í það minnsta góð byrjun," sagði Jóhann sem sér sjálfur um akstur fyrir glímufélagið en hann á 11 manna Econoline-bíl, 88 árgerð, sem og 2001 árgerð af 15 manna Benz-kálfi sem hann notar í skólaakstur á svæðinu. Econoline-bíllinn er oftast notaður í keppnisferðir.



Jóhann segir að það kosti um 300-400 þúsund krónur á ári að halda úti glímufélagi í Dalabyggð. Þrjár til fjórar keppnisferðir eru farnar árlega og lengst hefur verið farið til Reyðarfjarðar. Að sögn Jóhanns eru um 20-30 virkir krakkar að æfa glímu á svæðinu.

Hingað til hefur ekki verið í neina sjóði að sækja fyrir Jóhann og félaga en Dalabyggð hefur þó styrkt starfsemina og síðast um 250 þúsund krónur. Afganginn hefur Jóhann brúað sjálfur og ljóst að Jóhann lætur tugi þúsunda af eigin fé í að halda starfseminni gangandi.

Hann fór með krakkana í keppnisferð til Ísafjarðar á dögunum í brjáluðu veðri og sóttist ferðin mjög illa. „Við vorum eina 11 tíma hvora leið. Þetta var alveg svakalegt. Ég fór með um 30 þúsund krónur í olíu," sagði Jóhann sem gerir ekki ráð fyrir að komast langt á Econoline-bílnum fyrir ferðasjóðspeninga.

„Ætli ég komist ekki á Blönduós sem er um 120 kílómetrar," sagði Jóhann léttur.

Breytingar hjá handboltaliði HK næsta vetur:

# Gunnar í stað Migliusar

**HANDBOLTI** Það verða talsverðar breytingar á handknattleiksliði HK í sumar. Miglius Astrauskas mun láta af störfum sem þjálfari og halda heim á leið þar sem hann er landsliðsþjálfari Litháen. Aðstoðarmaður hans, Gunnar Magnússon, mun taka við sem aðalþjálfari og verður gengið frá ráðningu hans eftir páska.

Breytingar verða einnig á leikmannahópi félagsins en Augustas Strazdas, sem hefur verið í lykilhlutverki hjá liðinu síðustu ár, er á förum og líklega til Spánar. Óvissa er með stöðu þeirra Tomas Eitutis og Sergey Petraytis en þeir munu þurfa að taka á sig launalækkun vilji þeir vera áfram. Þeir verða ekki áfram á sömu forsendum.

HK er þessa dagana í viðræðum við þá Valdimar Þórsson og Sverre Jakobsson. HK hefur þegar gert Sverre tilboð og bíður eftir svari frá landsliðsmanninum. Valdimar lék frábærlega fyrir HK áður en hann fór til Svíþjóðar og binda HK-menn vonir við að hann vilji koma aftur í raðir félagsins. - hbg



**GUNNAR MAGNÚSSON** Verður aðalþjálfari hjá HK næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**Áberandi** starfsmenn vantar

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur í Áberandi starfsmenn.

- **Aðstoðarmaður á prentara fyrirtækisins**
- **Starfsmann í sal**

Hafir þú hug á að vinna í áberandi skemmtilegu fyrirtæki með áberandi skemmtilegum samstarfsmönnum skaltu hafa samband við okkur með því að senda tölvupóst á aberandi@aberandi.is eða hringja í Jón Viðar Stefánsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, í síma **414-1900.**

Öllum umsóknum verður svarað.

áberandi
Umhverfismerkingar - Prentun - Skilti


# Snæfellingar sigursælir

**Úrvalslið Iceland Express-deildar karla var tilkynnt í gær í þriðja sinn í vetur. Snæfellingar voru með tvo leikmenn í liðinu og enn fremur voru Justin Shouse og Geof Kotila valdir besti leikmaður og besti þjálfari umferða 16 til 22.**

**KÖRFUBOLTI** Úrvalslið umferða 16 til 22 í Iceland Express-deild karla í körfubolta var tilkynnt í gær og þar voru einnig valdir besti leikmaður, þjálfari og dómari. Snæfellingarnir sópuðu til sín verðlaunum.

Úrvalsliðið var nú valið í þriðja skipti á keppnistímabilinu og að þessu sinni var það skipað eftirtöldum leikmönnum; Justin Shouse og Hlyni Bæringssyni úr Snæfelli, Cedric Isom úr Þór Akureyri, Brenton Birmingham úr Njarðvík og Páli Axel Vilbergssyni úr Grindavík. Hlynur, Brenton og Páll Axel voru í annað skipti í úrvalsliðinu en Justin Shouse var valinn bestur og hann var hæstánægður með verðlaunin.

### Mikill heiður

„Ég átti alls ekki von á þessu og þetta er mikill heiður og ekki oft sem leikstjórnandi fær verðlaun sem þessi. Ég deili þessum verðlaunum að sjálfsögðu með liðsfélögum mínum hjá Snæfelli sem hafa verið frábærir í vetur og það er þeim að þakka hversu vel hefur gengið hjá mér," sagði Justin sem telur að lið Snæfells sé að springa út á réttum tíma.

„Við erum búnir að leika vel í síðustu leikjum og það er ákveðinn stígandi í leik liðsins og ég held að menn séu nú loks að sjá afraksturinn af æfingunum sem þjálfarinn Geof Kotila er búinn að vera að láta okkur gera," sagði Justin og Hlynur, fyrirliði Snæfells, tók í sama streng.

„Við erum búnir að vera mjög góðir eftir áramót að mínu mati og þetta er búið að púslast smátt og smátt saman eftir að við fengum mikilvæga leikmenn til baka úr meiðslum og við erum að spila með miklu sjálfstrausti þessa dagana.

Tölfræðin talar líka sínu máli og það er gaman að sjá okkur vera efsta í ákveðnum þáttum eins og með hæsta hlutfall frákasta og fæst stig fengin á okkur í leik og ég veit að þjálfarinn er líka ánægður með það," sagði Hlynur sem fór ekki leynt með markmið Snæfells í ár. „Við ætlum okkur að vinna titilinn og ef við höldum áfram að bæta okkur þá getum við það. Þetta verður hins vegar mjög erfitt og liðin eru svo jöfn að hlutirnir verða að falla með þér," sagði Hlynur að lokum.

Það var létt yfir mönnum við verðlaunaafhendinguna og þegar Sigmundur Már Herbertsson var tilkynntur sem besti dómarinn heyrðist einn leikmaðurinn segja hátt og snjallt: „Það er greinilegt að leikmenn stóðu ekki að þessu vali."

omar@frettabladid.is



**SÁTTIR** Snæfellingarnir Hlynur Bæringsson og Justin Shouse er ánægðir með spilamennsku liðs síns upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÚRVALSLIÐIÐ**
**Umferðir 16 til 22**
Justin Shouse (Snæfelli)
Cedric Isom (Þór Akureyri)
Brenton Birmingham (Njarðvík)
Páll Axel Vilbergsson (Grindavík)
Hlynur Bæringsson (Snæfelli)
**Besti leikmaður:**
Justin Shouse (Snæfelli)
**Besti þjálfari:**
Geof Kotila (Snæfelli)
**Besti dómari:**
Sigmundur Már Herbertsson





**MEÐ PÓSTINUM Á HM**
**U20 landslið kvenna í handbolta á HM 2008**
Mættu á pallana, láttu í þér heyra og hjálpaðu til við að senda stelpurnar á HM. Allir leikirnir fara fram í íþróttahúsi HK í Digranesi, Kópavogi.
**FRÍTT INN!**

LEIKIRNIR:
19. mars kl. 18.00 Serbía - Írland
kl. 20.00 Ísland - Ungverjaland
20. mars kl. 14.30 Ungverjaland - Búlgaría
kl. 16.30 Írland - Ísland
21. mars kl. 14.30 Búlgaría - Írland
kl. 16.30 Serbía - Ísland
22. mars kl. 14.30 Írland - Ungverjaland
kl. 16.30 Búlgaría - Serbía
23. mars kl. 14.30 Ungverjaland - Serbía
kl. 16.30 Ísland - Búlgaría

PÓSTURINN allur pakkinn


Hannes Þ. Sigurðsson kominn til Svíþjóðar:

# Æfði með Sundsvall

**FÓTBOLTI** Hannes Þ. Sigurðsson, sem gekk í raðir GIF Sundsvall á dögunum, fór á sína fyrstu æfingu með liðinu í gær. Miklar vonir eru bundnar við Hannes og Cain Dotson, yfirmaður íþróttamála hjá félaginu, kvað, í nýlegu viðtali, Hannes vera síðasta púslið sem vantaði í liðið.

„Ég ráðfærði mig við nokkra leikmenn sem ég kannaðist við sem leika í Allsvenskan-deildinni og þeir sögðu að deildin myndi henta mér vel. Ég talaði vitanlega líka við Sverri Garðarsson góðvin minn sem hafði ekkert nema gott um Sundsvall að segja," sagði Hannes í viðtali á heimasíðu GIF Sundsvall í gær. Fjárfestingarfyrirtækið Norrlandsinvenst lagði hönd á plóginn við kaupin á Hannesi, en hann ku vera langdýrasti leikmaður í sögu félagsins. - óþ



**BRATTUR** Hannes kvaðst hlakka mikið til að spila fyrir GIF Sundsvall í Allsvenskan-deildinni. ANDERS NILSSON

## Sigurganga Houston í NBA er á enda en liðið vann 22 leiki í röð sem er önnur lengsta sigurganga sögunnar:

# Það þurfti besta liðið til þess að stoppa þá

**KÖRFUBOLTI** Það þurfti besta liðið í NBA-deildinni til þess að stöðva sigurgöngu Houston Rockets í NBA-deildinni í körfubolta en Boston vann leik liðanna 94-74 í fyrrinótt. Houston hafði unnið 22 leiki í röð fyrir leikinn og það hefur aðeins eitt lið í sögu NBA unnið fleiri leiki í röð en lið Los Angeles Lakers 1970-71 vann 33 leiki í röð og svo NBA-titilinn um sumarið.

Liðsmenn og stuðningsmenn Houston ættu að vera bjartsýnir á framhaldið því hin þrjú liðin sem hafa átt lengstu sigurgöngurnar í sögu NBA-deildarinnar hafa öll orðið NBA-meistarar á sama tímabili.

„Þetta voru mikil vonbrigði en við vorum að spila við svakalegt lið. Ég hef aldrei séð aðra eins vörn á þeim ellefu árum sem ég hef spilað í NBA,“ sagði Tracy McGrady, aðalsóknarmaður Houston, sem skoraði aðeins 8 stig í leiknum.

Kevin Garnett og félagar í Boston hafa unnið 13 af síðustu 14 leikjum sínum og eru með besta árangurinn í deildinni. „Ég elska vörnina sem við spiluðum í þessum leik,“ sagði Garnett sem var stigahæstur með 22 stig en Paul Pierce skoraði 20 stig.

„Ég finn meira til með stuðningsmönnunum en okkur sjálfum því við fáum strax annan leik eftir tuttugu tíma,“ sagði Shane Battier, leikmaður Houston. „Ég er of nálægt þessu til þess að meta þetta almennilega. Ég hef örugglega miklu meira gaman af þessu þegar ég er orðinn gamall og grár og hættur að rekja körfubolta. Núna erum við að berjast um gott sæti inn í úrslitakeppnina og það eru mörg góð lið á hælunum á okkur,“ sagði Battier. **- óój**

**LENGSTU SIGURGÖNGURNAR Í SÖGU NBA:**

| | |
|---|---|
| Los Angeles Lakers 1971-72* | 33 |
| Houston Rockets 2007-08 | 22 |
| Milwaukee Bucks 1970-71* | 20 |
| Los Angeles Lakers 1999-2000* | 19 |

* Urðu öll NBA-meistarar



**SVEKKELSI** Það gekk ekkert upp hjá Tracy McGrady. NORDIVPHOTOS/GETTY



**JOHN TERRY OG TONI POOLE** Hjónin sýna bílastæðamálum fatlaðra lítinn skilning. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## John Terry:

# Lagði í stæði fyrir fatlaða

**FÓTBOLTI** John Terry gerði lítið fyrir ímynd sína þegar bíll hans var myndaður í stæði fyrir fatlaða, en þar var hann í tvo tíma á meðan hann sat að snæðingi með fjölskyldu sinni á Pizza Express-veitingastaðnum í Surrey.

Aðeins nokkrum metrum lengra gat hann lagt í bílastæðahúsi þar sem klukkutíminn kostar undir 100 krónum.

Breska slúðurblaðið The Sun greindi frá þessu og hafði meðal annars eftir embættismönnum að hegðun Terrys væri honum til háborinnar skammar.

Þegar hádegismatnum var lokið fjarlægði Terry sektina sem hljóðaði upp á tæpar 10 þúsund krónur. Terry ætti að eiga fyrir sektinni enda með tæpar 16 milljónir króna í vikulaun hjá Chelsea. **- hbg**



**EFTIRSÓTTUR** Alexander Hleb hefur verið orðaður við mörg af stærstu liðum Evrópu undanfarið. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Hleb átti ekki fund með Inter:

# Fór einungis út að fá sér ís

**FÓTBOLTI** Sögusagnir hafa verið á kreiki í breskum fjölmiðlum undanfarið um að Alexander Hleb hafi notað ferðina til Mílanóborgar á dögunum, þar sem Arsenal keppti við AC Milan í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu, til þess að eiga fund með forráðamönnum Inter um möguleg félagaskipti þangað næsta sumar.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, er þá sagður hafa brugðist reiður við og hótað að kæra Inter til knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, fyrir ólöglegar viðræður við Hleb sem á tvö ár eftir af samningi sínum við Lundúnaliðið.

Hvítrússinn Hleb og Claudio Vigorelli, umboðsmaður hans, sáust yfirgefa Melia Felix hótelið í Mílanó saman umræddan dag, þegar viðræðurnar við Inter eiga að hafa farið fram, en Vicenzo Morabito, samstarfsmaður Vigorelli, kvað orðróminn ekki vera sannan.

„Vissulega yfirgáfu Hleb og Vigorelli hótelið saman umræddan dag en þeir fóru ekki að tala við forráðamenn Inter, heldur fóru þeir bara að fá sér ís,“ sagði Morabito í viðtali við The Guardian í gær. **- óþ**



## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild kvk:*

**Keflavík-Haukar 82-67**
**Stig Keflavíkur:** Pálína Gunnlaugsdóttir 22, TaKesha Watson 18, Ingibjörg Vilbergsdóttir 15, Susanne Biemer 13, Margrét Kara Sturludóttir 6 (11 frák.), Birna Valgarðsdóttir 3, Hrönn Þorgrímsdóttir, Rannveig Randversdóttir 2.
**Stig Hauka:** Victoria Crawford 25, Telma Björk Fjalarsdóttir 10 (11 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 10, Unnur Jónsdóttir 6, Kristín Reynisdóttir 5, Ragna Brynjarsdóttir 4 (11 frák.), Bryndís Hreinsdóttir 3, Kristrún Sigurjónsdóttir 2, Hanna Hálfdánardóttir 2.
**KR-Grindavík 66-78**
**Stig KR:** Candace Futrell 29 (13 frák.), Hildur Sigurðardóttir 22 (11 frák.), Sigrún Ámundadóttir 8, Guðrún Þorsteinsdóttir 7.
**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 26 (14 frák.), Joanna Skiba 15, Jovana Lilja Stefánsdóttir 13, Petrúnella Skúladóttir 10 (9 frák.), Ingibjörg Jakobsdóttir 9, Ólöf Helga Pálsdóttir 5.

*Enska úrvalsdeildin:*

**Man. Utd-Bolton 2-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (9.), 2-0 Cristiano Ronaldo (19.)
**Tottenham-Chelsea 4-4**
0-1 Didier Drogba (3.), 1-1 Jonathan Woodgate (12.), 1-2 Michael Essien (20.), 1-3 Joe Cole (52), 2-3 Dimitar Berbatov (61.), 3-3 Tom Huddlestone (75.), 3-4 Joe Cole (80.), 4-4 Robbie Keane (88).

*HM U-20 kvenna:*

**Ísland-Ungverjaland 27-35**
**Mörk Íslands:** Karen Knútsdóttir 7, Stella Sigurðardóttir 5/4, Rut Jónsdóttir 3, Auður Jónsdóttir 3/1, Rebekka Skúladóttir 2, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Karólína Gunnarsdóttir 2, Þórey Rósa Stefánsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 1.
**Varin skot:** Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir 19, Guðrún Ósk Maríasdóttir 2.

*Lengjubikar karla:*

**Valur-Breiðablik 2-1**
Atli Þórarinsson, René Carlsen - Nenad Zivanovic.
*Upplýsingar frá fótbolti.net.*



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON** Í landsliðinu sem mætir Slóvökum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Knattspyrnulandsliðið:

## Tryggvi inn í stað Helga

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson hefur verið kallaður inn í landsliðið fyrir vináttuleikinn gegn Slóvökum sem fram fer ytra 26. mars næstkomandi.

Tryggvi kemur í stað Helga Sigurðssonar Valsmanns sem er meiddur. - hbg

# Meistarar Hauka úr leik

**Keflavík sópaði Íslandsmeisturum Hauka út úr úrslitakeppninni í gær. Grindavík minnkaði aftur á móti muninn í rimmunni gegn KR með góðum útisigri.**



**KOMNAR Í ÚRSLIT** Keflavíkurstúlkur fögnuðu vel í leikslok MYND/VÍKURFRÉTTIR

**KÖRFUBOLTI** Keflavík er komið í lokaúrslitin um Íslandsmeistaratitil kvenna sjötta árið í röð eftir öruggan 15 stiga sigur á fráfarandi Íslandsmeisturum Hauka, 82-67, í þriðja leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express-deild kvenna í Toyota-höllinni í Keflavík í gær. Keflavíkurstúlkur héldu skotsýningu sinni áfram frá því í síðasta leik og skoruðu 48 prósent af körfum sínum í leiknum fyrir utan þriggja stiga línuna.

Keflavík hefur þurft að sætta sig við silfur á Íslandsmótinu síðustu tvö ár en nú er liðið komið í mikinn meistaraham og búið að vinna síðustu ellefu leiki sína í deild og úrslitakeppni. Pálína Gunnlaugsdóttir átti mjög góðan leik og hjálpaði til við að enda sigurgöngu Haukstúlkna sem hafa orðið Íslandsmeistarar tvö undanfarin ár með hana innanborðs. „Þetta var allt annað hjá mér en í síðustu þremur leikjum á móti Haukum. Við erum að spila rosalega góða vörn, erum með góða liðsheild og það eru allir að standa saman. við lögðum upp með að spila rosalega góða vörn og stoppa Victoriu Crawford og það hefur gengið mjög vel,“ sagði Pálína Gunnlaugsdóttir og bætti við. „Við erum í meistaraham og ég spái að við vinnum 3-0 í úrslitunum,“ sagði Pálína að lokum.

„Þetta er búið að vera voðalega þægilegt, það er ótrúleg stemning í liðinu og það er rosalega auðvelt að undirbúa liðið þegar allir eru svona jákvæðir. Þær eru tilbúnar



**PETRÚNELLA SKÚLADÓTTIR** Átti fínan leik fyrir Grindavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að leggja þvílíkt á sig og það skín í gegn núna,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur sem vill laga eitt fyrir úrslitaleikina.

„Það fer í taugarnar á mér hvað við erum að skjóta mikið af þriggja stiga skotum. Ég vil að þær keyri meira upp að körfunni því við erum með fljótar stelpur sem eiga að gera miklu meira af því. Við erum að leyfa andstæðingunum að þvinga okkur út fyrir þriggja stiga línuna en við erum með góðar skyttur og það er það sem heldur okkur á floti,“ sagði Jón Halldór en Keflavíkurliðið hefur skorað 28 þriggja stiga körfur í síðustu tveimur leikjum.

Kollegi hans hjá Haukum sá björtu hliðarnar þrátt fyrir sárt tap. „Ég vil hrósa mínu liði fyrir það að hafa ekki hengt haus þegar útlitið var svart,“ sagði Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka sem býst við litlum breytingum á Haukaliðinu. „Það eru margir leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu spor og aðrir sem eru að spila í fyrsta skipti í úrslitakeppni. Ég held að við séum reynslunni ríkari og mér líst vel á framhaldið. Lykilleikmenn eru með tveggja ára samning og ég býst við að halda þeim og ætla sjálfur að þjálfa liðið áfram nema þá ef ég verð rekinn,“ sagði Yngvi í léttum tón.

Grindavík sótti góðan sigur gegn KR í Vesturbæinn og staðan í því einvígi 2-1 fyrir KR. Grindavíkurstúlkur, með Roberson og Skiba, í farabroddi, tóku frumkvæðið í upphafi og slepptu því aldrei. Leiddu 14-26 eftir fyrsta leikhluta og 32-45 í leikhléi.

Staðan var 47-58 eftir þrjá leikhluta og KR náði mest að minnka muninn í 63-69 en þá stakk Grindavík þær aftur af. Roberson var frábær með tvöfalda tvennu og Skiba var einnig góð. Íslendingarnir Jovana Lilja og Petrúnella skiluðu einnig sínu. Hildur Sigurðardóttir og Candace Futrell voru allt í öllu hjá KR. - óój / - hbg



**ÖFLUG** Karen Knútsdóttir átti flottan leik fyrir Ísland en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undankeppni U-20 kvenna:

## Slæmt tap gegn Ungverjum

**HANDBOLTI** Ísland fór ekki vel af stað í undankeppni U-20 kvenna. Íslensku stelpurnar töpuðu opnunarleik sínum gegn Ungverjum í Digranesi í gær, 27-35.

Ungverjar leiddu með einu marki í leikhléi, 16-15, og jafnt var á með liðunum framan af síðari hálfleik. Um miðbik hálfleiksins stungu síðan ungversku stelpurnar af og kláruðu leikinn.

„Ég er eðlilega alveg hundfúl. Við vorum í tækifæri allan leikinn en síðan hrynur allt undir lokin,“ sagði Guðríður Guðjónsdóttir, aðstoðarþjálfari íslenska liðsins.

„Það var fyrst og fremst slæm nýting á dauðafærum sem felldi okkur en ég held við höfum farið með ein 15 opin færi í leiknum sem er eðlilega allt of mikið. Svo voru lykilmenn í vörn að klikka og annað. Það er ekki þetta mikill munur á liðunum og því er ekki að neita að niðurstaðan er ákveðið áfall. Baráttan er samt ekki búin og við munum halda áfram að berjast,“ sagði Guðríður að lokum. - hbg

„Ein skemmtilegasta endurminningabók sem ég hef lesið um árabil.“
Þröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins

„Unaðsleg bók.
Ég naut hvers einasta kafla og skældi þegar ég lauk við hana … Hafi höfundur og útgáfa innilega þökk fyrir góða bók.“
Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is

„… [Sigurður Pálsson] hefur einmitt náð rétta tóninum … allt fram sett þannig að maður nýtur þess allan tímann.“
Gauti Kristmannsson / Víðsjá, RÚV




KOMIN Í KILJU

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**CRISTIANO RONALDO** Sá til þess enn og aftur í gær að Man. Utd fékk þrjú stig. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tveir leikir fóru fram í enska boltanum í gærkvöld:

## Man. Utd komið með þriggja stiga forskot

**FÓTBOLTI** Manchester United er komið með þriggja stiga forskot í ensku úrvalsdeildinni eftir 2-0 sigur á Bolton á Old Trafford í gær. Chelsea varð af dýrmætum stigum á White Hart Lane í ótrúlegum 4-4 jafnteflisleik gegn Tottenham.

Portúgalski snillingurinn Cristiano Ronaldo sá um að afgreiða Bolton með tveimur mörkum á fyrstu 19 mínútum leiksins. Fyrst með skoti í teignum og svo með frábæru marki beint úr aukaspyrnu.

Leikur Tottenham og Chelsea var ótrúleg skemmtun. Þrjú mörk voru skoruð á fyrstu 20 mínútunum og 2-1 fyrir Chelsea í leikhléi. Joe Cole kom Chelsea í 1-3 í upphafi síðari hálfleiks en Spurs neitaði að gefast upp.

Berbatov og Huddlestone jöfnuðu fyrir Spurs þegar 15 mínútur voru eftir af leik.

Cole kom Chelsea aftur yfir en Robbie Keane bjargaði stigi fyrir Tottenham með frábæru marki tveimur mínútum fyrir leikslok. 4-4 í frábærum leik. - hbg



# Já, við erum hreykin enn og aftur!

**PHILIPS** VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008
FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ** OG **HEIMABIÓKERFI**




Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá European Imaging & Sound Association (EISA) hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með tveimur eftirsóttum tækniverðlaunum.

**European Full-HD LCD-TV 2007-2008**
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**“, eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9732D**.

**SJÓNVARPIÐ FÆST Í 37", 42" OG 47" ÚTFÆRSLUM**

Powered by ambi light

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D



EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

**European Home Theater Compact System 2007-2008**
Ólíkt hefðbundnum heimabíókerfum með aðskildum hátölurum er **HTS8100** grundvallað á **Ambisound** tækninni frá **Philips** sem skilar alvöru 5.1 rása hljóðgæðum úr einu sambyggðu tæki.

**EISA dómnefndin lofar hönnunina sérstaklega**
„Þessi hönnun virkar einstaklega vel með flatskjám og skilar öllu sem til er ætlast. Afgerandi heimabíóupplifun“.

**PHILIPS**
sense and simplicity




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is

> **Helen Mirren**

Helen lét eitt sinn hafa eftir sér heldur betur vafasöm orð um óskarsverðlaunahátíðina. „Þetta rjóminn af því besta í kjaftæði.“ Mirren sést einmitt í óskarsverðlaunahlutverki sínu í myndinni The Queen sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

# Hvernig fer bóndi að, fastur í hjólastól?

Sjónvarpið sýnir í kvöld einkar áhugaverða heimildarmynd eftir Þorstein Jónsson um Ástþór Skúlason bónda á Rauðasandi og líf hans eftir að hann lamaðist í slysi. Ástþór ætlaði sér alltaf að verða bóndi. En hvernig lætur hann draum sinn rætast eftir að hann er kominn í hjólastól? Kerfið gerir ráð fyrir því að maður eins og hann fari inn á stofnun.

Að vera bóndi í hjólastól virðist ekki ganga upp. Ef hann notaði skynsemina, flyttist hann í blokk og tæki upp líf borgarbúans, starf fyrir framan tölvuskjá eða færiband, frístundir við sjónvarpið og vöruúrval í markaði á horninu.

En hann ætlar ekki að sleppa tengslunum við dýrin og náttúruna, þó fæturnir þvælist bara fyrir eins og komið er. Hann ætlar að gera það sem nauðsynlegt er til að geta búið á sinni jörð og rækja þau störf sem þar er að sinna.

Val Ástþórs þýðir óyfirstíganlegar hindranir. Við fylgjumst með hvernig gengur. Hann lofar ekki að sér takist það, en hann ætlar ekki að gefast upp fyrr en í fulla hnefana.



**RAUÐISANDUR** Heimildamyndin Annað líf Ástþórs fjallar um bónda á Rauðasandi sem er fastur í hjólastól.

**Föstudaginn 21. mars**

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00 Hollyoaks** STÖÐ2EXTRA



▶ **20.00 Elektra** STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.10 Bullrun** SKJÁREINN



▶ **20.35 Wimbledon** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 The Queen** STÖÐ2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.09 Pöddulíf**
**11.40 Kirsuberjatréð**
**12.05 Ballethátíð í Prag** e.
**13.35 Riddarasaga** e.
**15.45 Kórinn** (Les Choristes)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Spæjarar**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 Á faraldsfæti - Æðey** e.
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veður**

**19.25 Annað líf Ástþórs** Heimildamynd eftir Þorstein Jónsson um Ástþór Skúlason bónda á Rauðasandi og líf hans eftir að hann lamaðist í slysi. Ástþór ætlaði sér alltaf að verða bóndi. En hvernig lætur hann draum sinn rætast eftir að hann er kominn í hjólastól? Kerfið gerir ráð fyrir því að maður eins og hann fari inn á stofnun. En hann ætlar að gera það sem nauðsynlegt er til að halda tengslum við dýrin og náttúruna og búa á sinni jörð.

▶**20.35 Wimbledon** Bresk bíómynd frá 2004. Tennisleikari sem má muna sinn fífil fegri kynnist ungri tenniskonu sem stappar í hann stálinu.

**22.10 Svikahrappar** Bandarísk bíómynd frá 2003. Svikahrappur og lærisveinn hans standa í meiri háttar svindli þegar dóttir loddarans dúkkar skyndilega upp.

**00.05 Gosford Park** e.
**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Elektra**
**08.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
**10.00 Jersey Girl**
**12.00 Just For Kicks**
**14.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
**16.00 Jersey Girl**
**18.00 Just For Kicks**

▶**20.00 Elektra** Ævintýramynd þar sem Jennifer Garner snýr aftur í hlutverki ofurhetjunnar Elektru.

**22.00 The Da Vinci Code**
**00.25 The 40 Year Old Virgin**
**02.20 Edge of Madness**
**04.00 The Da Vinci Code**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**10.40 Fjölskyldubíó - Ástríkur og víkingarnir**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.20 Prehistoric Park**
**13.20 Chronicles of Narnia. The Lion, The Witch and the Wardrobe**
**15.45 Oprah**
**16.35 Hitch**
**18.30 Fréttir**
**18.55 The Simpsons**
**19.20 Friends**

**20.05 Dís** Íslensk kvikmynd frá 2004 sem byggð er á metsölubókinni Dís. Segir hún á gamansaman hátt frá ástum og örlögum Dísar, rótlausrar stúlku á þrítugsaldri, sem býr í miðborg Reykjavíkur og er að fríka út á valkostunum. Henni reynist erfitt að fóta sig og getur ekki gert upp við sig hvort hún vill lifa áhyggjulausu lífi, vera laus og liðug, djamma og njóta sín í skóla lífsins eða taka lífið fastari tökum, feta menntaveginn og festa ráð sitt eins og gömlu vinkonurnar.

▶**21.30 The Queen** Margrómuð og mögnuð bíómynd sem sópaði að sér öllum helstu verðlaununum kvikmyndaheimsins, þ.á.m. Óskars-, Golden Globe-, og BAFTA-verðlaununum. Myndin segir frá rafmögnuðu sambandi milli Elísabetar Englandsdrottningar og nýkjörins forsætisráðherra Bretlands, Tonys Blair.

**23.10 The Passion of the Christ** Margfræg stórmynd eftir Mel Gibson um síðustu daga Krists. Myndin vakti ómælda athygli um heim allan árið 2004 og öllum að óvörum þá stóð hún uppi sem einn allra mest sótta mynd síðustu ára.

**01.15 Judas** Stórgóð mynd um fyrstu kynni Júdasar og Jesús. Júdas reynir að hafa áhrif á Jesú með að nota vinsældir sínar til þess að hjálpa gyðingum til frelsis frá Rómverjum en á endanum eru það síðan spilltir leiðtogar þeirra sem svíkja Jesús. Þetta er athyglisverð mynd sögð frá sjónarhóli Júdasar sem miskilins vinar Jesús sem leiddist í slæman félagskap. Það hafði með sér í för breytingar sem höfðu áhrif í líf fólks í ókominni framtíð.

**02.45 Indecent Proposal** (e) Fræg kvikmynd um þolgæði ástarinnar og styrk hjónabandsins. Sagan fjallar um hjónin David og Diönu sem fá ósiðlegt tilboð frá John, forríkum fjármálamanni. Hann segist kaupa fólk á hverjum degi og býður þeim eina miljón dala fyrir eina nótt með frúnni.

**04.40 Hitch**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**05.55 Formúla 1** (Formúla 1 - Malasía - Æfingar) Bein útsending frá æfingum í Formúlu 1 í Malasíu.

**14.50 Spænska bikarkeppnin**

**16.30 Formúla 1** (Formúla 1 - Malasía - Æfingar)

**18.05 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**18.30 Spænski boltinn - Upphitun**
**19.00 Utan vallar**

**19.45 F1. Við rásmarkið** Spjallþáttur í beinni útsendingu þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.55 World Supercross GP**
**21.50 Heimsmótaröðin í póker**
**22.40 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

**23.30 New Jersey - Denver** Bein útsending frá leik New Jersey og Denver Nuggets í NBA-körfuboltanum.

**02.30 Gillette World Sport**

**02.55 Formúla 1** (Formúla 1 - Malasía - Æfingar)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.55 Birmingham - Newcastle**
**10.35 Goals of the season**
**11.30 Man. Utd. - Bolton**
**13.10 PL Classic Matches**
**13.40 PL Classic Matches**
**14.10 PL Classic Matches**
**14.40 PL Classic Matches**
**15.10 PL Classic Matches**
**15.40 PL Classic Matches**
**16.10 Coca Cola mörkin**
**16.40 Coca-Cola Championship** (Enska 1. deildin)
**18.50 Liverpool - Reading**
**20.30 PL Classic Matches**
**21.00 Premier League World**
**21.30 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**
**22.00 PL Classic Matches**
**22.30 PL Classic Matches**
**23.00 Season Highlights**
**23.55 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**
**00.25 Coca-Cola Championship**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 All of Us**
**17.15 Game tíví** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 One Tree Hill** (e)

▶**20.10 Bullrun** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin. Tólf lið hefja leikinn á heimasmíðuðum tryllitækjum og það lið sem kemur fyrst á áfangastað snýr heim með 13 milljónir í farteskinu.

**21.00 Survivor. Micronesia** Nú eru það eldheitir aðdáendur þáttanna sem spreyta sig gegn vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum. Það hitnar í kolunum þegar liðin mætast í líkamlegri baráttu. Einn keppandi veit ekki í hvaða bandalagi hann á að vera og setur fram kröfur til að fá sínu framgengt. Í lok þáttarins er þriðji keppandinn sendur heim.

**22.00 Law & Order** Kvikmyndaframleiðandi og mafíósi eru skotnir til bana á veitingastað og Briscoe og Green rannsaka tengsl kvikmyndaframleiðandans við nýlega mafíumynd.

**22.50 The Boondocks**
**23.15 Professional Poker Tour**
**00.40 Dexter** (e)
**01.30 C.S.I. Miami** (e)
**02.20 Da Vinci's Inquest** (e)
**03.10 The Dead Zone** (e)
**04.00 World Cup of Pool 2007** (e)
**04.50 Vörutorg**
**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




STÖÐ 2 VILD ÁSKRIFT INNIHELDUR:
512 5100 / STOD2.IS / VERSLANIR VODAFONE / VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ2 KL. 20.05
### Dís



Íslensk kvikmynd frá 2004 sem byggð er á metsölubókinni Dís. Segir hún á gamansaman hátt frá ástum og örlögum Dísar, rótlausrar stúlku á þrítugsaldri, sem býr í miðborg Reykjavíkur og er að fríka út á valkostunum. Henni reynist erfitt að fóta sig og getur ekki gert upp við sig hvort hún vilji lifa áhyggjulausu lífi, vera laus og liðug, djamma og njóta sín í skóla lífsins eða taka lífið fastari tökum, feta menntaveginn og festa ráð sitt eins og gömlu vinkonurnar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The Passion of the Christ
### STÖÐ2 KL. 23.10

Píslasaga Krists. Margfræg stórmynd eftir Mel Gibson um síðustu daga Krists. Myndin vakti ómælda athygli um heim allan árið 2004 og öllum að óvörum þá stóð hún uppi sem ein mest sótta mynd síðustu ára. Myndin þótti afar umdeild, var ýmist lofuð eða löstuð, og sýndist hverjum trúarhópi sitt því á meðan samtök gyðinga gagnrýndu hana fyrir túlkun Gibsons á píslasögunni þá lofuðu kaþólskir hana, þar á meðal þáverandi páfi, Jóhannes Páll páfi annar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunandakt
**08.15** Stóð við krossinn mærin mæra
**09.03** Kirkjutónlist á föstudaginn langa
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Ég kveiki á kertum mínum
**11.00** Guðsþjónusta í Brautarholtskirkju
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Passíusálmalögin
**13.50** Tregasöngur
**14.05** ...að spinna gull úr hálmi
**15.00** Ekki með sínu lagi - vinsælustu útfararsálmarnir
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Frá gljúfrunum til stjarnanna
**17.00** Kvartett um endalok tímans
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Smásaga: Í eyðimörkinni
**19.05** Mattheusarpassía
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Gömbusónötur Bachs
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank**
**18.15 The War at Home**
▶ **19.00 Hollyoaks** (149:260)
**19.30 Hollyoaks** (150:260)
**20.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**20.50 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
**21.15 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**22.00 My Name Is Earl**
**22.25 Flight of the Conchords**
**22.50 Numbers**
**23.35 Falcon Beach** Paige, Lane og Erin eru öll í frí á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrófa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðaltöffara bæjarins þá fara málin að flækjast.
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## INN

**20.00 Mér finnst** Umræða er um tjáningu tilfinninga, tantra og fleira. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir.
**21.00 Hvað ertu að hugsa?** Þáttur í umsjá Guðjóns Bergmanns þar sem hann veltir fyrir sér hvernig viðhorf þurfi til afreksverka ásamt gesti sínum Bergljótu Arnarsdóttur rithöfundi og leikkonu.
**21.30 Nútímafólk** Randver Þorláksson ræðir við Garðar Thór Cortes um söngferilinn og listina.

## DR 1

**9.45** Robotboy **10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** Med kærlighedens ret **12.30** Det lille hus på prærien **13.25** Himlen må vente **15.05** Spirit - Hingsten fra Cimarron **16.30** Bulders vuggestue **16.45** Alfons Åberg - er du fej! **17.00** Pippi Langstrømpe **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov 1**9.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.15** X Factor Afgørelsen **20.30** GoldenEye **22.35** Det bli'r i familien

## NRK 1

**9.35** Fredlaus i Trollheimen **10.00** Langfredagsgudstjeneste i Nordstrand kirke, Oslo **10.55** Landscapes **11.40** Ni liv **13.15** Siste vakt **13.30** Olav H. Hauge og Geirr Tveitt 100 år **14.30** Bilder i bronse **15.15** H.K.H. Kronprinsesse Mette-Marits salmer til styrke og **15.45** Valiant **17.00** Barne-tv **17.30** Danni **18.00** Dagsrevyen **18.30** Påskenøtter **18.45** Norge rundt **19.15** H.K.H. Kronprinsesse Mette-Marits utvalgte salmer **20.20** Med overlegg **21.30** Roberts mange ansikter **22.00** Løsning påskenøtter **22.05** Kveldsnytt **22.20** Grammy Awards 2008 **0.30** Country jukeboks med chat **3.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**10.05** Hur lycklig kan du bli? **11.00** I fäders spår **11.30** Annes trädgård **12.00** Melodifestivalen 2008: Finalen **14.05** Törnfåglarna **15.00** Beautiful Beirut **16.00** Klass 9A 16.30 Plus **17.00** Bolibompa **17.25** Hårdkokt **17.30** Evas superkoll **17.45** Holly Hallonsten ger igen **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **18.45** En kunglig karamell från Minnenas television **19.00** Så ska det låta **20.00** Konståkning: VM **21.45** Simning: EM **22.15** Rapport **22.25** Morgonsoffan **22.55** Rat Race - Sk(r)attjakten **0.45** Död och försvunnen **1.40** Död och försvunnen **2.35** Sändningar från SVT24



## > Cate Blanchett

„Ef þú veist að þér mun mistakast, reyndu þá að gera stórkostleg mistök,“ sagði Cate Blanchett eitt sinn en sjálf hefur hún stigið fá feilspor á leikferlinum. Blanchett sýnir enn einn stórleikinn í kvikmyndinni The Aviator sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

Fimmtudaginn 20. mars

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNUNUM

# *Tómur salur og misheppnuð textabrot*

Margt var ágætlega gert þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í beinni útsendingu Sjónvarpsins í fyrrakvöld. Það sem stakk aftur á móti í augun var hversu fáir voru í sal Borgarleikhússins. Í hvert skipti sem myndavélin sveimaði um salinn virtist um helmingur sætanna tómur og eina svæðið þar sem hvert sæti var upptekið var uppi við sviðið. Þar sat einmitt forseti Íslands ásamt fleiri embættismönnnum, sem virtust ákaflega einmana löngum stundum á meðan á athöfninni stóð. Leit þetta síður en svo vel út á sjónvarpsskjánum.

Munurinn á Íslensku tónlistarverðlaununum og til að mynda Óskarsverðlaunum er sá að á Óskarnum setjast sérstakir starfsmenn í sætin sem losna þegar fólk bregður sér á barinn eða á salernið. Því var ekki fyrir að fara í Borgarleikhúsinu og hálftómur salurinn var staðreynd mest allt kvöldið.

Eina skiptið sem salurinn var troðfullur var þegar Rúnar Júlíusson tók á móti heiðursverðlaunum sínum. Sem betur fer, enda hefði annað verið algjör hneisa. Salurinn stóð upp og klappaði á meðan Rúnar laumaði sér upp á svið með hljómsveitinni og héldu fagnaðarlætin áfram þegar hann tók við verðlaununum.

Alla athöfnina lásu þeir sem afhentu verðlaun fræg íslensk textabrot. Hugmyndin virtist ætla að ganga upp í byrjun en þegar á hólminn var komið var hún gjörsamlega misheppnuð. Þeir sem stigu á svið voru hinir vandræðalegustu þegar þeir lásu brotin sín og sjálfur fékk maður aulahroll hvað eftir annað.

Textabrotunum var vitaskuld ætlað að minna fólk á íslenska textagerð, sem er sjálfu sér hið besta mál, en kaldhæðnin tók völdin þegar sjálfur Rúnar Júl gleymdi sínu eigin textabroti í þakkarræðu sinni. Sem betur fer bjargaði hann sér fyrir horn og sýndi að hann er ekki dauður úr öllum æðum.



**ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN** Salur Borgarleikhússins var löngum stundum hálftómur á meðan á athöfninni stóð.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Hollyoaks STÖÐ2EXTRA



▶ **20.00** Bad Boy STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.35** My Name is Earl STÖÐ2



▶ **21.00** Life SKJÁREINN



▶ **21.50** Spiderman 2 SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**

**11.40 Helen og fósturbörnin** e.

**13.35 Díana - Síðustu dagar prinsessunnar** (Diana: Last Days of a Princess) e.

**15.10 Þjóðargersemi** (National Treasure) Bandarísk bíómynd frá 2004. e.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Rahína** (3:3) e.

**18.00 Stundin okkar**

**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kaldal** Heimildamynd um Jón Kaldal sem var starfandi ljósmyndari í Reykjavík í 49 ár og tók yfir hundrað þúsund myndir. Myndir Kaldals bera sterk höfundareinkenni, þær kalla fram manninn að baki svipnum og bera því vitni að hann var afburða fagmaður og mikill mannþekkjari.

**20.20 Ballettskór** Splunkuný bresk sjónvarpsmynd um þrjár munaðarlausar stúlkur sem sérvitur landkönnuður og frænka hans ættleiða.

▶**21.50 Kóngulóarmaðurinn II** Framhald af ævintýrum skólastráks sem öðlaðist ofurkraft eftir að erfðabreytt kónguló beit hann og notar máttinn til að berjast gegn illum öflum.

**23.55 Ég heiti Davíð** (I Am David) e.

**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.10 Bad Boy**

**08.00 Big Momma´s House 2**

**10.00 Cheaper By The Dozen 2**

**12.00 D.E.B.S.**

**14.00 Big Momma´s House 2**

**16.00 Cheaper By The Dozen 2**

**18.00 D.E.B.S.**

▶**20.00 Bad Boy** Denis Leary úr Rescue Me fer á kostum sem ólæknandi og óferjandi kvennaflagari í þessari kolsvörtu gamanmynd.

**22.00 The Rock** (e)

**00.15 Boys**

**02.00 Straight Into Darkness**

**04.00 The Rock** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**10.35 Lotta flytur að heiman**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 Prehistoric Park**

**13.15 The New Adventures of Old Christine**

**13.40 Heima hjá Jamie Oliver**

**14.05 The Sound of Music**

**16.55 Son of the Mask**

**18.30 Fréttir**

**19.00 The Simpsons**

**19.25 Friends**

**19.50 Hæðin** (1:8) Þrjú gerólík pör fá það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð. Til verksins fá pörin fyrirfram ákveðna upphæð og aðstoð og þurfa að klára verkið á einungis sex vikum. Í lokaþættinum fá áhorfendur að kjósa hvert húsanna er glæsilegast og best hannað. Kynnir þáttanna er enginn annar en fjölmiðlamaðurinn góðkunni Gulli Helga.

▶**20.35 My Name Is Earl** Jason Lee er að sjálfsögðu áfram í hlutverk í gæðaskinninu Earl, sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði miðjöfnum árangri.

**21.00 Flight of the Conchords** Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Saman skipa þeir hljómsveitina Flight of the Conchords en þrátt fyrir einbeittan vilja til að slá í gegn fá þeir ekki að troða upp annars staðar en á sædýrasafninu í hverfinu og í aðdáendaklúbbnum er aðeins ein kona sem er laglega veik á geði og hefur þá báða á heilanum.

**21.25 Numbers**

**22.10 Syriana** George Clooney hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessum áhrifaríka pólitíska spennutrylli sem fjallar um valdatafl og meinta spillingu í olíuiðnaði nútímans.

**00.20 The Aviator** Hér fer hjartaknúsarinn Leonard DeCaprio og Óskarverðlaunahafinn Cate Blanchett með aðalhlutverk í þessari stórkostlegu mynd um líf hins litríka Howard Hughes á yngri árum og samband hans við Katharine Hepburn. Howard lét sér ekkert óviðkomandi hvort sem það var að framleiða kvikmyndir eða hanna hraðskreiðar flugvélar. Frábær mynd sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

**03.05 The Sound of Music**

**05.55 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænska bikarkeppnin**

**17.00 Spænska bikarkeppnin**

**18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.

**19.35 Inside the PGA**

**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur í beinni útsendingu þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.40 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

**21.25 Valencia - Barcelona** Útsending frá leik Valencia og Barcelona í spænsku bikarkeppninni. Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3 kl 19.40 sem áður hét Sýn Extra.

**23.30 Heimsmótaröðin í póker**

**00.20 Utan vallar**

**01.10 F1. Við rásmarkið**

**01.55 Formúla 1** (Formúla 1 - Malasía - Æfingar) Bein útsending frá æfingum í Formúlu 1 kappakstrinum í Malasíu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Bolton** Útsending frá leik Tottenham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

**14.00 Tottenham - Chelsea**

**15.40 Fulham - Everton** Bein útsending frá leik Fulham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**17.20 Derby - Man. Utd.** Útsending frá leik Derby og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 English Premier League**

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.30 PL Classic Matches**

**21.00 PL Classic Matches**

**21.30 Season Highlights**

**22.30 4 4 2**

**23.50 Coca Cola mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**15.50 Vörutorg**

**16.50 All of Us**

**17.15 Fyrstu skrefin** (e)

**17.45 Rachael Ray**

**18.30 Innlit / útlit** (e)

**19.40 Game tíví**

**20.10 Everybody Hates Chris**

**20.35 The Office** Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Oscar snýr aftur eftir langt frí en er ekki viss hvort hann vill vera hluti af skrifstofuliðinu lengur. Hinn valdagráðugi Andy reynir að notfæra sér brotthvarf Dwights til að komast í mjúkinn hjá Michael.

▶**21.00 Life** Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í tólf ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Ung kona með englavængi fellur út um glugga á hóteli. Stökk hún eða var henni hrint? Crews og Reese komast á snoðir um rússneskan mafíósa sem hefur mörg járn í eldinum. Crews heldur áfram að rannsaka eigið mál og nú hefur hann séð andlit morðingjans og þokast nær sannleikanum.

**21.50 C.S.I. Miami** Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Ljótasta skilnaðarmál Miami verður blóðugt þegar hjákona eiginmannsins er myrt. Skilnaðardeilan magnast og líkin hrannast upp. Íslendingurinn Egill „Eagle“ Egilsson leikstýrir þættinum.

**22.40 Jay Leno**

**23.25 America's Next Top Model** (e)

**00.25 Cane** (e)

**01.15 Vörutorg**

**02.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ2 KL. 19.50
### Hæðin



Í þessum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð. Til verksins fá pörin fyrir fram ákveðna upphæð og aðstoð og þurfa að klára verkið á einungis sex vikum. Í lokaþættinum fá áhorfendur að kjósa hvert húsanna er glæsilegast og best hannað. Kynnir þáttanna er enginn annar en fjölmiðlamaðurinn góðkunni Gulli Helga.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Kaldal
### Sjónvarpið kl. 19.35

Heimildarmynd um Jón Kaldal sem var ljósmyndari í Reykjavík í 49 ár og tók yfir 100 þúsund myndir. Brugðið er upp myndum úr safni Kaldals og sýnd atriði úr gömlum sjónvarpsþáttum þar sem rætt er við hann um ljósmyndun og íþróttir en Kaldal var einn af fremstu langhlaupurum landsins.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Verndi þig englar
**09.03** Þegar járntjaldið féll
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Sagnaslóð
**11.00** Guðsþjónusta í Íslensku Kristskirkjunni
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hún, sem öllu máli skiptir
**14.00** Hátíð hátíðanna - af hverju höldum við páska?
**15.00** Útvarpsleikhúsið: Besti vinur hundsins - Lykillinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Paganini í Grafarvogi
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Helgi Björns og höllin í Berlín
**18.55** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Leynifélagið
**19.30** Englar, draugar, skessur og fjöll en fyrst og fremst börn
**20.30** Hallgrímspassía
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Í sviðsvængnum: Sveinn Einarsson
**23.10** Verndi þig englar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Talk Show With Spike Feresten**
**17.25 Special Unit 2**
**18.15 Wildfire**
**19.00 Hollyoaks** (148:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.
▶**19.30 Hollyoaks** (149:260)
**20.00 Talk Show With Spike Feresten** Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpson. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**20.25 Special Unit 2** Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Wildfire** Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
**22.00 Gossip Girl**
**22.45 The Closer**
**23.30 Nip/Tuck**
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## INN

**20.00 Jón Kristinn** Umsjónarmaður er Jón Kristinn Snæhólm en gestur hans er Tómas Dagur Helgason flugstjóri. Þeir ræða um flugöryggi.
**21.00 Nútímafólk** Randver Þorláksson spjallar við Kolbrúnu Halldórsdóttur þingkonu um leiklist, menningu og pólitík.
**21.30 Vigtarráðgjafarnir** Kristín V. Óladóttir og Sigurbjörg Ólafsdóttir fjalla um mataræði og heilsu.

## DR 1

**9.45** Robotboy **10.00** Med andre øjne **10.30** H. C. Andersen **12.30** Det lille hus på prærien **13.20** Katten **14.40** Min søsters børn **16.30** Fandango med Sebastian **17.00** Pippi Langstrømpe **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Rig ved et tilfælde **18.30** Rabatten **19.00** Hammerslag i Florida **20.00** TV Avisen **20.15** SportNyt **20.20** Påskevejret **20.30** Efter Brylluppet **22.30** Dommer under anklage **23.50** Naruto Uncut **5.00** UMM - Fiskefilet

## NRK 1

**9.30** Danny Deckchair **11.05** 'Allo, 'Allo! **11.40** Landsbylegane **12.35** Vi redder verden - etter kaffen **13.05** Evita **15.15** Klovn til fjells **15.45** Jentekor! **16.45** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **17.00** Barne-tv **17.30** Danni **18.00** Dagsrevyen **18.30** Påskenøtter **18.45** Yum Yum med Noman **19.15** En isbjørn går i land **20.05** Med overlegg **21.15** De overlevende fra Andes **22.05** Løsning påskenøtter **22.10** Kveldsnytt **22.25** De overlevende fra Andes **23.20** Alene menn sammen **23.35** Standup: Jack Dee live fra Apollo **0.20** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Mellan raderna **10.05** Katten, musen, tiotusen - turkiska **10.15** Katten, musen, tiotusen - nordsamiska **10.25** All rätt i världen **11.00** Rapport **11.05** Simning: EM **12.00** Konståkning: VM **15.00** Rapport **15.10** Gråter och stör de andra **15.25** Anslagstavlan **15.30** Simning: EM **16.15** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Bolibompa **17.20** På väg till Blåkulla **17.25** Krumelurdjur **17.30** Mamma Spindels alla små kryp **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Konståkning: VM **21.45** Simning: EM **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.40** Uppdrag Granskning **23.40** Klass 9A **0.10** Död och försvunnen




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér LGG og glas af diet kók. Ég verð alveg ómöguleg ef þetta vantar á morgnana.“*

Hulda Gústafsdóttir hestakona.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** grunnflötur **6.** klaki **8.** fugl **9.** arinn **11.** skóli **12.** ríki í Norður-Afríku **14.** lést **16.** tveir eins **17.** herma **18.** for **20.** málmur **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fangi **3.** fæddi **4.** handarlínulist **5.** starfsgrein **7.** teppun **10.** hljóðfæri **13.** strá **15.** steintegund **16.** draup **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gólf, **6.** ís, **8.** lóa, **9.** stó, **11.** fg, **12.** líbýa, **14.** fórst, **16.** ll, **17.** apa, **18.** aur, **20.** ál, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** gísl, **3.** ól, **4.** lófaspá, **5.** fag, **7.** stíflun, **10.** óbó, **13.** ýra, **15.** talk, **16.** lak, **19.** rú.





Auglýsingasími
512 50 50


# Sögulegum Sirkus-minjum bjargað

Sögulegum minjum af barnum Sirkus hefur verið komið fyrir í gámi þar sem þær bíða örlaga sinna. Byrjað er að rífa niður húsnæðið sem eitt sinn hýsti þennan sögufræga stað en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Sigríður Guðlaugsdóttir, eigandi staðarins, staðið í ströngu við að bjarga því sem bjargað verður. Meðal þess sem hefur verið komið undan er hið stórmerkilega barborð þar sem ófáar listaspírur höfuðborgarinnar sátu að sumbli.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafa margir sýnt innanstokksmunum skemmtistaðarins áhuga. Nokkrir listamenn hafa þannig falast eftir hlutum úr Sirkus í þeirri von að geta endurskapað eitthvað af þeirri sérstöku stemningu sem myndaðist á listsýningum. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að eitthvað verði flutt til London þar sem staðurinn ætti að verða endurskapaður að innan en það fékkst þó ekki staðfest. Fréttablaðið hafði samband við Sigríði en hún kaus að tjá sig ekki um málið að svo stöddu, sagði að örlög innanhússmunanna ættu eftir að skýrast á næstunni. - fgg



**SKILTIÐ FARIÐ** Skilti með nafni Sirkus hefur verið tekið niður. Vinsælt var hjá ferðamönnum að mynda sig við skiltið.



**BYRJAÐ AÐ RÍFA** Sirkus-húsið verður brátt jafnað við jörðu en margir listamenn bera sterkar taugar til staðarins. Einhverjum innanstokksmunum hefur þó verið bjargað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HÁRLAUSIR Í NYLONBÚNINGI** Kraftajötnarnir íslensku voru kannski ekki beint vígalegir í hvítum nylonbúningi og nánast algjörlega hárlausir.

CERES4: GERT AÐ VAXA SIG FYRIR AUGLÝSINGU

# Hárlaus íslensk vöðvabúnt auglýsa kælingu frá Kóreu

Kóreska stórfyrirtækið Samsung notaði þrjátíu íslensk vöðvabúnt til að auglýsa loftkælingartæki fyrirtækisins, Hauzen. Tökur á auglýsingunni fóru fram við rætur Fjallsárjökuls í fallegu veðri en það var framleiðslufyrirtækið Filmus sem hafði veg og vanda af tökunum.

Að sögn Arnars Knútssonar hjá Filmus gátu þeir ekki verið heppnari með veður. Hið dæmigerða vetrarveður var víðs fjarri og þess í stað skartaði sólin sínu skærasta, hitinn rétt við frostmark.

Kóreska poppstjarnan sem leikur aðalhlutverkið í auglýsingunni var hins vegar ekki alveg jafn sátt við íslenska veðurfarið. „Hún var með tíu einkaþjóna sem stjönuðu við hana á allan hátt og um leið og það var kallað „cut“ stukku þeir upp til handa og fóta og hentu yfir hana hlýjum fatnaði,“ segir Arnar en aðstæður stjörnunnar skánuðu ekki mikið þegar vöðvabúntin þrjátíu höfðu að kæla hana með fjöðrum af miklum móð. „Íslensku víkingarnir voru hins vegar hæstánægðir og upplifðu ekkert nema tóma hamingju,“ bætir Arnar við en svo heppilega vildi til að sjö af þeim þrjátíu sem tóku þátt í auglýsingunni eru að fara að keppa á fitness-móti fyrir norðan um páskahelgina og voru því „helköttaðir“ eins og það heitir víst á fagmálinu.

Hlynur Áskelsson, betur þekktur sem Ceres4, var einn þeirra kraftajötna sem lét ljós sitt skína í kóresku auglýsingunni. „Þetta var mikið ævintýri, við fengum náttúrulega gott veður, sól og þannig séð blíðu,“ segir Hlynur. Hann ber hinum kóresku yfirmönnum vel söguna en segir þá hafa haft fullmikla fordóma gagnvart líkamshárum. „Okkur var gert að láta öll „óþörf“ líkamshár hverfa, þannig að maður varð bara að vaxa sig kvöldið áður,“ segir Hlynur og hlær. Einn Íslendinganna hafði hins vegar ekki fengið þessi sömu skilaboð og þegar hann fækkaði fötum skein í loðna bringuna. Hlynur segir að þá hafi rakvélin einfaldlega verið tekin upp og hárin fengið að fjúka á staðnum. „Þetta var allt mjög nákvæmt og allar hreyfingar voru æfðar deginum áður. Það skipti miklu máli að allir væru í takt og stæðu í þráðbeinni línu,“ segir Hlynur. - fgg

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Rapparinn **Erpur Eyvindarson** þykist ekki orðinn skallapoppari þótt hann hafi tekið virkan þátt í forvali RÚV á framlagi Íslendinga til Eurovision. Mikið er að gerast hjá Erpi og verður hann að þeyta diskum á Akureyri á föstudagskvöld og spila með Rottweilerhundum á Ísafirði á laugardagskvöldi. Hann hefur nú nýlokið við að taka lag á sólóplötu sem hann er með í smíðum og semur titillagið í kvikmyndinni Stóra planinu eftir **Ólaf Jóhannesson** auk þess að vera sérlegur tónlistarráðgjafi vegna hljóðmyndarinnar.

Hin mjög svo fjölskipaða hljómsveit **Retro Stefson**, alls 16, er ásamt fleiri tónlistarmönnum á Ísafirði á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem **Mugison** skipuleggur ásamt öðrum. Reyndar eru aðeins sjö þeirra fyrir vestan. Nokkurt ónæði var af fjölmiðlamönnum sem hringdu í hljómsveitarmeðlimi og grennsluðust fyrir um furðulega fréttatilkynningu í nafni Retro Stefson sem barst til fjölmiðla. Þar var því lýst yfir að nú væri þriðji hljómsveitarmeðlimurinn kominn út úr skápnum og fylgdi beiðni til Gay Pride um að fá að taka þátt í göngunni næst. Talsmenn Retro Stefson kannast hins vegar ekki neitt við neitt og ljóst að þarna er einhver mistækur húmoristi að þjófstarta 1. apríl.



- jbg






# Hleypur ekki frá fjölskyldunni

Plötur Megasar Frágangur og Hold er mold voru kosnar plötur ársins í flokknum popp/dægurtónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum á þriðjudagskvöldið. Fjarvera Megasar vakti nokkra athygli. „Þetta var góður dagur, ég sat í sófanum og sá úrslitin á netinu,“ segir Megas. „Mér fannst bara verst að forsetinn skyldi ekki fá nein verðlaun. Nei, ég sá enga ástæðu til að mæta. Ég hleyp nógu mikið frá konu og börnum út af einhverju vinnutengdu þótt ég sé ekki hlaupandi líka út af heimilinu fyrir einhver hátíðarhöld.“

Megas er nú í hljóðveri og enn eru það Senuþjófarnir sem leggja honum lið. „Ég vil ekki fullyrða neitt en þetta gæti alveg eins endað á nýrri plötu,“ segir Megas. Hann treður upp með Senuþjófunum á Aldrei fór ég suður á laugardaginn.

Og Megas er ánægður með að Bob Dylan sé á leiðinni. „Ég skil reyndar ekkert í því að hann treysti sér hingað aftur. Nei, ég sækist ekki eftir því að fá að hita upp fyrir hann. Ég vil bara fá að njóta tónleikanna og ekki leggja neitt á mig, það er að segja ef ég get skrapað saman fyrir miða.“ - glh



**FINNST VERST AÐ FORSETINN FÉKK ENGIN VERÐLAUN** Verðlaunahafinn Megas er í hljóðveri með Senuþjófunum.



24

# Það er opið allan sólarhringinn alla páskahelgina

**Reykjavík:**
Arnarbakka
Austurstræti
Barónsstíg
Borgartúni
Hjarðarhaga
Langarima
Laugalæk
Lágmúla
Seljavegi
Sporhömrum

**Kópavogi:**
Dalvegi
Engihjalla
Hjallabrekku

**Garðabæ:**
Lyngási

**Hafnarfirði:**
Melabraut
Staðarbergi

**Keflavík:**
Hafnargötu
Leifsstöð komusal

**Akureyri:**
Hafnarstræti
Kaupangi

10-11
...alltaf opið!
www.10-11.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Hófleg bjartsýni*

Ég hef hugsað alltof mikið um fjármál síðustu dagana. Fjármál eru leiðinlegasta fyrirbæri alheimsins og ég kann ekki við þetta. Mig langar í áhyggjulausari raunveruleika án endalausra frétta af gengi markaða. Er eðlilegt að skap manns fari eftir því hvaða bréf froðufellandi verðbréfakarlar á útúrstressuðum kontorum kaupi þann daginn? Á maður að fá í magann af því að bláfátækir Kanar fluttu úr hjólhýsum í einingarhús og eiga nú ekki fyrir láninu? Kannski sé best að hætta bara að hlusta á fréttir.

**Á MÁNUDAGINN** var allt í steik. Er allt að fara til fjandans? var yfirskrift fundar Viðskiptablaðsins. Auglýsingin dundi á manni allan daginn. Ég hringdi með sting í hjarta og spurði símastelpuna á blaðinu: Já, það er nokkurn veginn allt að fara til fjandans, svaraði hún. Á þriðjudaginn var „engin ástæða til bjartsýni". Ég sofnaði seint það kvöld. Í gærmorgun sagði Edda Rós sérfræðingur, sá frelsandi engill, að nú væri ástæða til „hóflegrar bjartsýni". Mér létti eitt augnablik, sá jafnvel utanlandsferð í hillingum. Sá léttleiki gufaði upp eins og íslensk króna í kauphöll þegar ég sá forsíðu DV: Skelfilegar hækkanir eftir páska! Ég slaufaði öllu öðru, þaut í Bónus og slóst við ellilífeyrisþega um kjúklingabringur á 3.000 kall kílóið. Þær kosta örugglega 5.000 kall eftir helgi.

**HVAÐ** næst? Þrátt fyrir ýktа þenslu höfum við þurft að vinna lengst allra til að eiga fyrir dýrasta drasli í heimi. Þrátt fyrir að dollarinn væri í 60 kalli og góðærið grasseraði lækkaði ekki neitt. Það var aldrei tilefni til vaxtalækkana til að „ógna ekki stöðugleikanum". Nú hækkar allt og ennþá er ekki tilefni til vaxtalækkana, kannski til að „ógna ekki óstöðugleikanum". Hvað veit ég? Jú, ég veit það að þegar verð hefur á annað borð hækkað á Íslandi þá lækkar það ekki aftur. Í því ljósi vil ég óska verkalýðshreyfingunni til hamingju með nýgerða kjarasamninga.

**Á MEÐAN** ég bylti mér yfir endunum sem ná ekki saman get ég líka kviðið fyrir afdrifum íbúðalánsins sem ég tók þegar endurfjármögnunartískan stóð sem hæst. Á næsta ári verða vextirnir „endurskoðaðir" og ég bíð á milli vonar og ótta eftir því að sjá á hvaða vexti lánið fer: hvort mafían brjóti á mér hnéskeljarnar eða láti sér nægja að höggva af mér litla putta.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er fimmtudagurinn 20. mars, 80. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.27 | 13.35 | 19.44 |
| Akureyri | 7.12 | 13.20 | 19.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Nýja lagið með Madonnu og Justin Timberlake í tónlistarsímann þinn**
**- fyrst á Íslandi í Vodafone live!**

Sendu **LIVE** í 1900 til að skoða tónlistarverslunina í símanum þínum.

**„4 Minutes"**, er glænýtt lag frá Madonnu af væntanlegri plötu hennar **„Hard Candy"** sem kemur út 21. apríl.




**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

vodafone